# FRÉTTABLAÐIÐ

104. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 7. MAÍ 2019


# Fleiri andvígir samþykkt orkupakkans

**Tæpur helmingur er andvígur því að Alþingi samþykki þriðja orkupakkann en innan við þriðjungur er því fylgjandi samkvæmt nýrri könnun. Tæp 59 prósent segjast annaðhvort ekki hafa kynnt sér málið eða kynnt sér það illa. Stuðningur við málið eykst eftir því sem fólk hefur kynnt sér það betur.**

**ORKUMÁL** Tæpur helmingur þeirra sem taka afstöðu er andvígur því að þriðji orkupakkinn verði samþykktur á Alþingi. Þetta eru niðurstöður könnunar sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið og fréttablaðið.is.

48,7 prósent þeirra sem tóku afstöðu eru andvíg samþykkt þriðja orkupakkans, 29,6 prósent eru hlynnt og 21,7 prósent hlutlaus. Þetta eru svipaðar niðurstöður og úr könnun Zenter frá desember á síðasta ári.

Ef svör allra eru skoðuð kemur í ljós að stærsti hópurinn, eða 36,3 prósent, segist ekki vita hvort hann sé hlynntur eða andvígur þriðja orkupakkanum. Af öllum svörum reyndust 30,5 prósent andvíg samþykkt orkupakkans, 18,5 prósent hlynnt, 13,6 prósent hlutlaus og rúmt eitt prósent vildi ekki svara.

Einnig var spurt að því hversu vel eða illa fólk hefði kynnt sér þriðja orkupakkann. Tæpur þriðjungur, eða 32,1 prósent, sagðist ekki hafa kynnt sér hann, og 26,5 prósent sögðust hafa kynnt sér hann illa. 22,2 prósent töldu sig hafa kynnt sér orkupakkann vel og 19,2 prósent hvorki vel né illa.

Stuðningur við samþykkt þriðja orkupakkans eykst eftir því sem fólk hefur kynnt sér málið betur. Þannig segjast 46 prósent þeirra sem hafa kynnt sér málið vel hlynnt samþykkt, 26 prósent þeirra sem hvorki hafa kynnt sér málið vel né illa, 19 prósent þeirra sem hafa kynnt sér það illa og 12 prósent þeirra sem ekki hafa kynnt sér málið.

Helmingur þeirra sem hafa kynnt sér málið vel og þeirra sem hafa hvorki kynnt sér það vel né illa er andvígur samþykkt þriðja orkupakkans. Þá eru 46 prósent þeirra sem hafa kynnt sér málið illa og 45 prósent þeirra sem ekki hafa kynnt sér það andvíg samþykkt þess.

Könnun Zenter var netkönnun framkvæmd 24. apríl til 2. maí. Úrtakið var 2.500 manns en alls svöruðu 1.443, eða 57,7 prósent.

Þriðji orkupakkinn var áfram til umræðu í utanríkismálanefnd í gær en Stefán Már Stefánsson lagaprófessor og Friðrik Árni Friðriksson Hirst lögmaður komu á fund nefndarinnar. Þeir telja leiðina sem Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra ætlar að fara í málinu ekki gallalausa.

„Við göngum út frá því að forsendur ráðherra séu réttar og við höfum ekki kynnt okkur hvernig fyrirvararnir verða útfærðir á síðari stigum, það er eftirleikurinn, hvernig þingið kemur til með að útfæra þessa fyrirvara,“ segir Friðrik Árni.

Stefán Már gat ekki sagt hvað myndi gerast ef málið yrði sent aftur til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Það væri hins vegar rétta lögfræðilega leiðin, þar sem gert væri ráð fyrir því í EES-samningnum. Ekki væri hægt að útiloka að ESB myndi grípa til einhverra gagnaðgerða og alls óvíst hvort Ísland fengi varanlega undanþágu. Nánar á fréttablaðið.is. **– sar, ab**

**Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú því að þriðji orkupakkinn verði samþykktur á Alþingi?**




**»** Þingsályktunartillaga um þriðja orkupakkann var lögð fram á Alþingi 1. apríl og er nú til meðferðar hjá utanríkismálanefnd.



**Unnið var að gluggaþvotti á þessu háhýsi í Skuggahverfinu í miðborg Reykjavíkur í gær. Eins og gildir um annað rúðugler í byggingum við sjávarsíðuna hérlendis sest gjarnan á það salt er særokið gengur inn á land.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir úr mannlífinu er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu.**


STÖÐ 2 MARAÞON Í 3 MÁNUÐI FYLGIR ÖLLUM SJÓNVÖRPUM




SAMSUNG 55” RU7105 UHD SNJALLSJÓNVARP 22875 149.990




SAMSUNG 55” Q70R UHD QLED SNJALLSJÓNVARP 22873 264.995




SAMSUNG 65” Q8OR UHD QLED SNJALLSJÓNVARP 22855 419.995

ELKO

## Veður




Norðaustan 5-10 í dag, en 8-13 NV-til seinnipartinn. Áfram skúrir sunnanlands og þykknar upp um landið NA-vert með deginum, dálítil él þar um kvöldið. Hiti 3 til 10 stig, hlýjast á Vesturlandi og víða næturfrost inn til landsins.

SJÁ SÍÐU 14



**Þota í litum WOW.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Leita aftur til dómstóla

**VIÐSKIPTI** Leigufélagið ALC lagði í gær fram nýja aðfararbeiðni hjá Héraðsdómi Reykjaness vegna Airbus-þotunnar TF-GPA sem Isavia kyrrsetti í kjölfar falls WOW air vegna ógreiddra lendingargjalda.

ALC greiddi í gær þau gjöld sem hægt var að tengja beint við notkun þotunnar en þau námu 87 milljónum króna. Í tilkynningu frá ALC segir að það sé í samræmi við úrskurð héraðsdóms frá því í síðustu viku. Samkvæmt honum hafi einungis verið heimilt að kyrrsetja vélina vegna ógreiddra gjalda sem tengdust henni en ekki vegna annarra gjalda.

Guðjón Helgason, upplýsingafulltrúi Isavia, segir að félagið muni mótmæla þessari aðfararbeiðni á þeim forsendum að málið sé nú á forræði Landsréttar. Hann segir Isavia vera meðvitað um mögulega skaðabótaábyrgð í málinu.

„Mikilvægt er hins vegar að hafa í huga að við höfum ekki staðið í vegi fyrir því að afhending vélarinnar fari fram gegn viðunandi tryggingu, svo sem eins og bankatryggingu, með fyrirvara um lögmæti kröfunnar en síðan mætti takast á um ágreininginn fyrir dómstólum. Það er ákvörðun leigusalans að fara ekki þá leið,“ segir Guðjón.

Í tilkynningunni frá ALC segir hins vegar að ítrekað hafi verið leitað leiðbeininga um möguleika á að leggja fram tryggingu með fyrirvara um lögmæti. Því hafi hins vegar ekki verið svarað. – sar

# Frumkvöðull borinn til grafar



Útför Atla Heimis Sveinssonar tónskálds fór fram frá Hallgrímskirkju í gær. Atli Heimir var einn af upphafsmönnum nútímatónlistar á Íslandi. Eftir hann liggur mikill fjöldi tónverka, þar á meðal tíu einleikskonsertar og sex sinfóníur, auk fjölda einleiks- og kammerverka. Hann samdi fimm óperur, fjölda sönglaga, kórverk og leikhústónlist. Árið 1976 hlaut Atli Tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs fyrstur Íslendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Ingibjörg Þorbergs látin



Ingibjörg Þorbergs, söngkona og lagahöfundur, lést á Hrafnistu í Reykjanesbæ í gær. Það var RÚV sem greindi frá.

Ingibjörg var á 92. aldursári en hún fæddist í Reykjavík 1927.

Hún hóf ung störf hjá Ríkisútvarpinu og sá meðal annars um þáttinn vinsæla Óskalög sjúklinga. Lengstan hluta starfsævinnar starfaði hún hjá dagskrárdeild Ríkisútvarpsins.

Snemma var Ingibjörg farin að koma fram opinberlega sem söngkona, bæði ein og með hljómsveitum. Fyrstu tvær hljómplötur Ingibjargar komu út 1953.

Meðal þekktra laga Ingibjargar eru Bangsímon-lögin, Hríslan og lækurinn og Játning auk laganna við Aravísur og Hin fyrstu jól.

# Grínið er heilun fyrir samfélag í erfiðleikum

**Pólitískt grín er gagnlegt andlega fyrir samfélagið, segir nemandi í stjórnmálafræði. Grínþættir landans þróuðust úr saklausri skemmtun í beitta ádeilu upp úr aldamótum. Samfélagsmiðlar tóku við af Spaugstofunni sem spéspegill.**

**SAMFÉLAG** Pólitískt grín getur haft áhrif á samfélagið og þá oftast til að hjálpa borgurum í erfiðum aðstæðum. Þetta er meðal niðurstaðna BA-ritgerðar Fanndísar Birnu Logadóttur í stjórnmálafræði, sem fjallar um pólitískt grín á Íslandi.

Í ritgerðinni er þróun bæði Áramótaskaupsins og Spaugstofunnar lýst en báðir þættirnir eiga sameiginlegt að hafa gengið í marga áratugi og þróast úr saklausri skemmtun með söngatriðum og aulahúmor yfir í beittari ádeilu.

Fanndís dvelur sérstaklega við hrunið og áhrif þess á grínþættina tvo.

Þættirnir urðu rammpólitískir og virkilega beittir. Fanndís segir þættina hafa verið losun fyrir samfélagið og veitt landsmönnum útrás. Í þáttunum í kringum hrunið megi bera kennsl á ýmsar tilfinningar, bæði reiði og vonleysi.

Einnig er vikið að tabúunum þremur sem losnað hefur um í seinni tíð, embætti forseta Íslands, trúarbrögðum og kynferðismálum.

Fjallað er um viðkvæmni við gríni um forsetann í embættistíð Vigdísar Finnbogadóttur og greint frá því að allt hafi orðið vitlaust þegar Vigdís birtist í fyrsta skipti í Áramótaskaupi árið 1994. Í atriðinu er forsetinn að panta pitsu með erlendu áleggi. Gríninu var ekki vel tekið og mun leikstjóri Skaupsins hafa fengið símtal frá sjálfri Vigdísi vegna atriðisins. Embætti forsetans væri ekki til að grínast með.

Einnig segir frá því í ritgerðinni að Spaugstofumenn hafi ekki þorað annað en að klippa út atriði í þætti um þjóðvegahátíðina svokölluðu þann 17. júní 1994 sem sýna átti Vigdísi Finnbogadóttur fasta í umferðarteppu á milli Reykjavíkur og Þingvalla. Atriðið var því ekki sýnt.

Fanndís tók viðtöl við landsþekkta grínara við vinnslu ritgerðarinnar og í þeim kemur söknuður til Spaugstofunnar fram og vonir til að þátturinn endurfæðist í einhverri mynd.

„Það væri auðvitað ótrúlega skemmtilegt að fá aftur landsþekkta grínara í vikulegum þáttum,“ segir Fanndís. Hún segir ótrúlega breiðan aldurshóp hafa horft á Spaugstofuna og að þátturinn hafi haft mikið gildi fyrir sig sem barn. „Ég man að þegar ég var barn þá vissi ég hvað var að gerast í samfélaginu af því að Spaugstofan hafði tekið það fyrir.“

Aðspurð segir Fanndís samfélagsmiðlana hafa að nokkru leyti tekið hlutverk Spaugstofunnar yfir og vísar til þeirrar íþróttar Íslendinga að tísta og snappa á skoplegan hátt um málefni líðandi stundar um leið og þau koma upp.

Hún heldur þó í vonina um vikulegan grínþátt og vísar til þátta á borð við Saturday Night Live í Bandaríkjunum sem enn lifa þrátt fyrir samfélagsmiðlana.

adalheidur@frettabladid.is



**Fanndís Birna Logadóttir, nemi í stjórnmálafræði.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI




**„Helvítis fokking fokk“**
Sena með Jóni Gnarr úr Skaupinu 2008 varð myndlistarmanninum Gunnari Má Péturssyni innblástur við skiltagerð fyrir mótmæli á Austurvelli.






**Bernhard - Honda á Íslandi** • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is

**Umboðsaðilar:** Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

# Eurovision-sviðið í Ísrael minna en Hatarar segjast hafa búist við

**EUROVISION** Sviðið í Expo-höllinni í Tel Avív var minna en Hatari bjóst við eftir fyrstu æfingu sem fram fór í fyrradag.

Eurovision-hópurinn íslenski þarf að huga sérstaklega vel að sviðsetningu og því hvernig listafólkið hreyfir sig á sviðinu þar sem eldur er stór hluti atriðisins.

Þeir Klemens Hannigan og Matthías Tryggvi Haraldsson segjast þó ekki hafa áhyggjur af því að verða eldinum að bráð þar sem allir búningar Hatara séu eldþolnir og yfirfarnir af sérfræðingum fyrir hverja æfingu og flutning. Þetta kemur fram í viðtali Williams Lee Adams við Hatara sem tekið var eftir fyrstu æfingu hópsins á sunnudag.

**» Eurovison-hópurinn íslenski þarf að huga sérstaklega vel að sviðsetningu og að því hvernig þau hreyfa sig á sviðinu þar sem eldur er stór hluti atriðisins.**

Eurovision-hópur okkar Íslendinga nýtur daganna í Ísrael þar sem frí var frá æfingum í gær.

Hluti hópsins fór í skoðunarferð til Jerúsalem og um kvöldið fór mannskapurinn í boð til borgarstjóra borgarinnar Herzlya ásamt öllum keppendum Eurovision. – bdj



Búningar Hatara eru sagðir eldþolnir. MYND/EUROVISION

## Engin ástæða til kyrrsetningar

**RÚSSLAND** Stjórnvöld í Rússlandi ætla ekki að kyrrsetja flugvélar Sukhoi af gerðinni Superjet 100. Þetta segir Jevgeníj Dítrík samgöngumálaráðherra. Slík vél varð alelda á sunnudag. 41 fórst.

Superjet 100 eru fyrstu farþegaflugvélarnar sem framleiddar eru í Rússlandi eftir fall Sovétríkjanna. Þykir slysið áfall fyrir rússneskan flugiðnað, segir Reuters. Yamal Airlines, næststærsti viðskiptavinur Sukhoi, sagðist ætla að hætta við kaup á tíu vélum. Það væri þó gert vegna þjónustukostnaðar, ekki áhyggja af öryggismálum. – þea

**10**

**Superjet 100 þotur voru afpantaðar vegna kostnaðar.**

## Sjúkrahótelið við Hringbraut tekið í notkun

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjúkrahótelið við Landspítalann á Hringbraut var tekið í notkun í gær og gistu fyrstu fjórir gestirnir á hótelinu í nótt, þrír sjúklingar og einn aðstandandi. Sjúkrahótelið var afhent Landspítalanum við formlega athöfn þann 31. janúar síðastliðinn.

Stefnt var að því að opna sjúkrahótelið í byrjun apríl. „Það eru margar ástæður fyrir því að þessu seinkaði en nú er þetta allt að gerast,“ segir Sólrún Rúnarsdóttir hótelstjóri. „Þetta tekur allt sinn tíma. Úttektunum var ekki lokið. Við þurftum að yfirfara að allt væri í lagi og atriði eins og að koma netinu inn á kerfi Landspítalans.“ Búið er að búa um rúmin í öllum 75 herbergjunum. – ab

# Telja skorta framtíðarsýn um millilandaflug utan Keflavíkur

**Framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar segir heildræna sýn á íslenska flugvelli skorta. Stjórnvöld þurfi að setja markmið um millilandaflugvelli og hrinda í framkvæmd. Öllum til góða að ferðafólk komist á fleiri stöðum inn í landið. Framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands tekur í sama streng.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Heildræna nálgun og framtíðarsýn skortir í íslenskum stjórnmálum um uppbyggingu millilandaflugs um Egilsstaði og Akureyri og dreifa þannig ferðamönnum betur um landið.

Þetta er skoðun Jóhannesar Þórs Skúlasonar, framkvæmdastjóra Samtaka ferðaþjónustunnar.

Jóhannes Þór hélt erindi á ráðstefnu á Egilsstöðum í gær þar sem hann sagði íslensk stjórnmál ekki hafa stigið nægilega ákveðið til jarðar með heildrænni sýn á íslenska flugvelli.

„Pólitíkin hefur tekið ákveðin skref og margir eru að gera ágæta hluti víðs vegar um landið. Hins vegar skortir að menn horfi á þetta í heild og fari nægilega í innviðauppbyggingu. Það virðist ekki vera nóg að setja upp flugþróunarsjóð og bíða eftir að einhverjir sæki í sjóðinn,“ segir Jóhannes Þór.

Um 2,3 milljónir ferðamanna komu hingað í fyrra. Vonast er eftir því að um tvær milljónir ferðamanna heimsæki okkur á þessu ári. Jóhannes segir mikilvægt fyrir alla að ferðamenn dreifist um landið.

„Ef við ætlum að auka hlut jaðarsvæða í verðmætasköpun í ferðaþjónustu þá þarf að búa til fleiri gáttir inn til landsins. Þetta er auðvitað ekki einföld umræða en á meðan innanlandsflug er hugsað sem almenningssamgöngur fyrir Íslendinga, sem ég geri alls ekki lítið úr, þá gleymist stundum að velta fyrir sér hvort hægt sé að tengja betur millilandaflug og innanlandsflug með einhverjum hætti.“



Mitt á milli Akureyrar og Egilsstaða er aflmesti foss í Evrópu. Leikurinn er sagður til að markaðssetja slíka perlu.

**Við höfum séð undanfarið að markaðsstofur landshlutanna hafa unnið að því að markaðssetja sín svæði.**



Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands

Nokkur erlend flugfélög hafa sýnt því áhuga að fljúga til Akureyrar og Egilsstaða og til að mynda hefur millilandaflug um Akureyrarflugvöll gengið vel í vetur. Það sé hins vegar undir erlendum flugfélögum komið hvort þau vilji fljúga eða ekki. Uppbyggingu þurfi sem og markaðssetningu frá hinu opinbera til að auka vægi þessara gátta inn til landsins.

Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands, segir það alveg rétt að heildræna sýn þurfi á dreifingu ferðamanna um landið.

„Við höfum séð undanfarið að markaðsstofur landshlutanna hafa unnið að því að markaðssetja sín svæði og reynt að fá inn flugfélög til að fljúga inn á sín svæði,“ segir Arnheiður. sveinn@frettabladid.is






## Þörf á að endurskoða kjöt- og mjólkurneyslu

**UMHVERFISMÁL** Allt að milljón plöntu- og dýrategundir gætu verið í útrýmingarhættu og ástand lífríkis jarðar versnar á ógnarhraða vegna matvæla- og orkuframleiðslu.

Þetta eru helstu niðurstöður þriggja ára rannsóknarvinnu IPBES, einnar af umhverfisstofnunum Sameinuðu þjóðanna, sem birtar voru í 1.800 blaðsíðna skýrslu í gær.

Samkvæmt skýrslunni töpuðust 100 milljónir hektara af regnskógum frá 1980 til 2000, einna helst við að ryma til fyrir kúabúum í Suður-Ameríku og pálmaolíuekrum í Suðaustur-Asíu. Árið 2000 voru einungis þrettán prósent þess votlendis sem til var árið 1700 enn til.

Um 25 prósent dýra og jurta eru sögð í bráðri hættu. Fari sem horfir sé eyðileggingin margfalt meiri en meðaltal síðustu tíu milljóna ára.

„Þetta er fordæmalaus hnignun fjölbreytileika náttúrunnar og gjörólík öllu öðru sem við höfum séð í mannkynssögunni,“ hafði BBC eftir Kate Brauman, einum leiðtoga rannsóknarinnar.



Lífríki jarðar verður fátæklegra ef fram heldur sem horfir. NORDICPHOTOS/GETTY

„Rúmlega 70 prósent landbúnaðar tengjast kjötframleiðslu. Það er kominn tími til að endurskoða hlutfall kjöts og mjólkurafurða í mataræði okkar,“ hafði BBC eftir Yann Laurans, rannsakanda hjá frönsku stofnuninni IDDRI.

Ástandið á hafinu er sambærilegt. Aðeins um þrjú prósent sjávar voru laus við afskipti manna árið 2014 og hlutfall ósjálfbærra fiskveiða árið 2015 stóð í 33 prósentum. – þea



Ný veröld á hverjum degi.
Audi Q5.
Tilkomumikið útlit, framsækin tækni og kraftur.
Þú fellur fyrir Q5 á augnabliki.
Audi Q5
#audiauglýsing
Audi Q5.
Design quattro.
Sýningarsalurinn okkar á netinu er opinn
allan sólarhringinn. Skoðaðu úrvalið!
www.hekla.is/audisalur
Verð 7.990.000 kr.
Verð með aukabúnaði áður ~~9.840.000~~ kr.
Afsláttur 1.850.000 kr.
· Innfellanlegt dráttarbeisli
· Leðurklætt aðgerðastýri
· Rafmagn í framsætum
· Milano leðuráklæði
· Rafdrifin opnun á afturhlera
· 18” álfelgur
· Nálgunarvarar að framan & aftan
· Bakkmyndavél
· Audi Sound System 180W
· 10 hátalarar
· Dökkar rúður
· LED aðalljós
5 ára ábyrgð
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd
HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is / 590 5000

# Puigdemont og aðrir útlagar mega bjóða sig fram til Evrópuþings

**SPÁNN** Carles Puigdemont, áður forseti Katalóníuhéraðs á Spáni og nú í sjálfskipaðri útlegð í Belgíu, má bjóða sig fram til Evrópuþingsins í kosningum 26. maí. Svo úrskurðaði dómstóll í Madríd í gær og ógilti fyrri ákvörðun landskjörstjórnar.

Úrskurðurinn nær líka til þeirra Clara Ponsatí, fyrrverandi menntamálaráðherra, nú í útlegð í Skotlandi, og Antoni Comín, fyrrverandi heilbrigðismálaráðherra og nú í útlegð í Belgíu.

Landskjörstjórn meinaði þessum katalónsku lýðveldissinnum að bjóða sig fram eftir að Lýðflokkurinn og Borgaraflokkurinn í Katalóníu kvörtuðu. Lýðflokkurinn segist munu áfrýja úrskurðinum.

Óljóst er hvort útlagarnir geti yfirhöfuð tekið sæti á Evrópuþinginu, nái þeir kjöri. Í nýrri skýrslu lögfræðisviðs Evrópuþingsins kemur fram að nái Puigdemont kjöri muni hann þurfa að fara til Madríd til að sverja Spáni hollustueið. Það gæti reynst flókið því hann hefur verið ákærður fyrir uppreisn á Spáni.



Carles Puigdemont fær að bjóða sig fram. NORDICPHOTOS/GETTY

Réttarhöldin yfir þeim tólf Katalónum sem ekki eru í útlegð héldu áfram í gær. Líkt og útlagarnir eru tólfmenningarnir sakaðir um uppreisn, uppreisnaráróður og aðra glæpi í tengslum við sjálfstæðisatkvæðagreiðslu haustsins 2017.

Xavier Trias, borgarstjóri Barcelona frá 2011 til 2015, mætti í skýrslutöku í gær og sagðist ekki hafa orðið var við að nokkur kjósandi hefði beitt ofbeldi á kjördag eða í kosningabaráttunni, líkt og sækjendur hafa haldið fram. – **þea**

## Vopnahlé í gildi eftir átök á Gasa

**PALESTÍNA** Vopnahlé tók gildi á Gasasvæðinu og í suðurhluta Ísraels í fyrrinótt eftir þriggja daga árásahrinu. Á sunnudag felldu Hamassamtökin fjóra almenna borgara í Ísrael og Ísraelar 21 Palestínumann, flest almenna borgara.

Palestínskir embættismenn og fjölmiðlar greindu fyrst frá vopnahléinu en ísraelsk stjórnvöld vildu hins vegar ekki viðurkenna það formlega. Reuters hafði þó eftir embættismönnum innan stjórnar Benjamíns Netanjahú forsætisráðherra að reynt væri að koma á friði.

Ísraelski herinn segir Hamas hafa skotið yfir 600 eldflaugum og sprengjum á Ísrael. 150 hafi verið skotnar niður og herinn svarað með loftárásum á 320 skotmörk. – **þea**

## Hjólið nýskráð fyrir banaslys

**SLYS** Rannsóknarnefnd samgönguslysa vill að skoðað verði hvort og hvernig koma megi í veg fyrir að fólk sem ekki er með ökuréttindi geti verið skráð eigendur ökutækja. Tuttugu og fimm ára karl lést fyrir tveimur árum eftir að hafa ekið bifhjóli ökuréttindalaus.

**» Beygt var fyrir bifhjól með réttindalausum ökumanni á ofsahraða.**

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu nefndarinnar um banaslysið við Álfhellu í Hafnarfirði í maí 2017. Sá sem lést hafði verið sviptur ökuréttindum ævilangt. Fimmtán dögum fyrir slysið hafði hann fengið skráð á sig þungt bifhjól.

Þrjár orsakir eru taldar vera fyrir slysinu. Ökumaður pallbíls beygði fyrir hjólið, ökumaður bifhjólsins ók allt of hratt og ökumaður bifhjólsins var réttindalaus. – **smj**

# Gamli Þingvallavegurinn fái veglegri sess með friðlýsingu

**Þrjú sveitarfélög við Mosfellsheiði og minjavörður Suðurlands vilja að hafið verði ferli til að breyta skilgreiningu á nítjándu aldar hestvagnavegi sem liggur frá Geithálsi að Almannagjá úr því að vera friðaður í það að verða friðlýstur. Þá yrði vegurinn merktur og vakin á honum athygli sem menningarminjum.**

**MENNING** Minjastofnun vinnur nú að því með þremur sveitarfélögum að Gamli Þingvallavegurinn frá því á 19. öld verði friðlýstur.

„Vegna aldurs síns er vegurinn friðaður samkvæmt lögum en vert er að skoða hvort ekki sé ástæða til að ganga lengra og friðlýsa hann. Með friðlýsingu fengi Gamli Þingvallavegurinn veglegri sess, hann yrði merktur og vakin athygli á honum sem merkum menningarminjum,“ segir í minnisblaði Tómasar G. Gíslasonar, umhverfisstjóra Mosfellsbæjar, sem lagt var fram er bæjarstjórnin þar staðfesti vilja sinn í málinu.

Í framhaldinu var málið borið undir yfirvöld í Grímsnes- og Grafningshreppi og Bláskógabyggð þar sem Gamli Þingvallavegurinn liggur einnig um lönd þeirra sveitarfélaga. „Að langstærstum hluta er leiðin á landi Mosfellsbæjar; sker svo norðurhorn Grímsnes- og Grafningshrepps við Klofningstjörn á stuttum kafla en fer þá yfir í Bláskógabyggð, í Vilborgarkeldu nálægt núverandi Þingvallavegi við Torfdalslæk,“ segir Uggi Ævarsson, minjavörður Suðurlands, í samantekt um málið.

Fram kemur í minnisblaði Tómasar að seint á 19. öld hafi verið lagður vegur yfir endilanga Mosfellsheiði, frá Geithálsi við Suðurlandsveg og austur að Almannagjá. Vegurinn hafi verið geysimikið mannvirki á sinni tíð; upphlaðinn á köflum með vatnsræsum, brúm og vel hlöðnum vörðum. Hann sé vel varðveittur hestvagnavegur.

„Hann markaði tímamót í samgöngusögu heiðarinnar og við hann var einnig hlaðið sæluhús úr tilhöggnu grágrýti. Eftir að önnur þjóðbraut var lögð yfir norðanverða heiðina til Þingvalla um 1930 var þessi leið aflögð að mestu og hlaut hún þá nafnið Gamli Þingvallavegurinn,“ rekur Tómas umhverfisstjóri.

Nú liggur fyrir að afla þurfi upplýsinga um minjarnar og síðan fá ráðgefandi álit Fornminjanefndar áður en málið er kynnt almenningi og á endanum lagt fyrir mennta- og menningarmálaráðherra til endanlegrar ákvörðunar um friðlýsingu eður ei. **gar@frettabladid.is**



Horft austur Gamla Þingvallaveginn. MYND/UMHVERFISSTJÓRI MOSFELLSBÆJAR



Gamli Þingvallavegurinn er 15 til 20 kílómetrar.

**Eftir að önnur þjóðbraut var lögð yfir norðanverða heiðina til Þingvalla um 1930 var þessi leið aflögð að mestu og hlaut hún þá nafnið Gamli Þingvallavegurinn.**

Tómas G. Gíslason, umhverfisstjóri Mosfellsbæjar

**» Gamli Þingvallavegurinn var upphlaðinn á köflum með vatnsræsum, brúm og vel hlöðnum vörðum.**


HVITA HUSID / SIA

Fitulítil og próteinrík…

… og passar með öllu




www.ms.is




**Hvalaskoðunarbáturinn Rósin þeyttist um Sundin á hraðri siglingu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Allt að gerast

Fáir sem vettlingi geta valdið sitja auðum höndum í geislum vorsólarinnar á höfuðborgarsvæðinu þessa dagana. Ljósmyndari Fréttablaðsins fór um grundir.



**Á Álftanesi var fólk í vorverkum með útsýni til Reykjavíkur.**



**Æðarfuglapar undi hag sínum vel á Álftanesi.**



**Það var æðisgengið stuð á Víkings-Cheerios-mótinu á sunnudag.**



**Þau vinna sig ekki sjálf, sumarverkin í garðinum.**

WWW.BILALAND.IS

# Yfirfarnir bílar á góðu verði

ÁSTANDSSKOÐAÐIR BÍLAR

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.




**Renault Megane GT**
Nýskr. 12/17, ekinn 20 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.990.000 kr.**




**Dacia Logan**
Nýskr. 01/18, ekinn 11 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 2.390.000 kr.**




**Subaru XV Lux**
Nýskr. 04/18, ekinn 24 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 4.890.000 kr.**




**Ford Focus Titanium**
Nýskr. 05/18, ekinn 3 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.490.000 kr.**




**Honda CRV Executive**
Nýskr. 07/16, ekinn 32 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.990.000 kr.**




**VW Golf Variant Comfortline**
Nýskr. 05/17, ekinn 97 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.390.000 kr.**




**Toyota Yaris Active**
Nýskr. 01/16, ekinn 69 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 1.890.000 kr.**




**Subaru Forester Lux**
Nýskr. 01/19, ekinn 2 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 5.990.000 kr.**




**Nissan X-Trail Tekna 4wd**
Nýskr. 08/18, ekinn 15 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 6.490.000 kr.**




**Suzuki Vitara GL**
Nýskr. 09/16, ekinn 38 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.290.000 kr.**

## TILBOÐSBÍLAR

**Valdir bílar á einstöku tilboðsverði.**
**Fyrstur kemur – fyrstur fær!**

Mánaðargreiðsla er gerð samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðu lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

Lykill fjármögnun

ENNEMM / SÍA / NM93825




**BMW X3 Xdrive 20d**
Nýskr. 02/16, ekinn 85 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 5.690.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**4.990.000 kr.**
***65.009 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**Renault Megane Zen**
Nýskr. 06/18, ekinn 25 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 2.990.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**2.390.000 kr.**
***31.338 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**NISSAN Qashqai Acenta 4wd**
Nýskr. 06/17, ekinn 76 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 3.390.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**2.590.000 kr.**
***33.928 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**Peugeot 508 Active**
Nýskr. 04/16, ekinn 86 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 2.790.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**2.390.000 kr.**
***31.338 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**Hyundai Tucson Comfort 4wd**
Nýskr. 03/17, ekinn 116 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 3.590.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**2.990.000 kr.**
***39.108 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*



- Ástandsskoðun
- Ný vetrardekk
- Allt að 80% lán
- Fjármögnun á staðnum

www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is
**Opið frá kl. 9–18 alla virka daga og laugardaga frá kl. 12–16**

Bílaland – Kletthálsi 11 – 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ
Sími 525 8000 – bilaland@bilaland.is

**bílaland**

# Raddir vorsins



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Á haustmánuðum árið 1962 gaf bandaríska vísinda- og náttúruverndarkonan Rachel Carson út stórvirkið Silent Spring, eða Raddir vorsins þagna. Þetta einstaka og innblásna verk var afrakstur þrotlausra og ítarlegra rannsókna Carson á breiðvirkum skordýraeitrum, hörmulegum áhrifum þeirra á vistkerfi og blekkingarleik efnaframleiðenda um skaðlega eiginleika þeirra. Titill bókarinnar er vísun í þann dapra heim sem blasir við með áframhaldandi eyðingu og útrýmingu vistkerfa og dýrategunda. Heim þar sem vorfuglarnir og söngur þeirra er á brott; heim þar sem vistkerfin eru fátækari.

Raddir vorsins þagna var neisti sem tendraði hugsjónabál á seinni hluta síðustu aldar, þar sem sjónum var beint að þeirri staðreynd að náttúran er berskjölduð fyrir áhrifum og gjörðum mannanna. Tilurð bókarinnar, efnistök og áhrif ættu að gera Raddir vorsins þagna að skyldulesningu í öllum skólum.

Núna þegar 57 ár eru frá útgáfu bókarinnar höfum við fengið fullkomið fylgirit hennar. Milliríkjanefnd um leiðir til að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika og vistkerfum (IPBES) birti í gær samantekt á niðurstöðum umfangsmestu úttektar sem gerð hefur verið á áhrifum mannsins á náttúru Jarðar.

Á öllum landsvæðum plánetunnar – frá regnskógum Suður-Afríku og hitabeltisgresjum Afríku til sífrerasvæða norðurhvelsins og akra Suðuraustur-Asíu – ógna gjörðir mannanna líffræðilegum fjölbreytileika. Nefndin telur að ein milljón tegunda dýra og plantna sé í hættu á að deyja út. „Stöndugleiki vistkerfa sem við reiðum okkur á er að hrörna hraðar en nokkru sinni fyrr," sagði Sir Robert Watson, formaður IPBES, í fréttatilkynningu. „Um allan heim erum við að eyða sjálfum grunni hagkerfa okkar, lífsviðurværis okkar, fæðuöryggi okkar, heilsu okkar og lífsgæðum."

Vopnin sem maðurinn beitir í þessu stríði sínu gegn náttúrunni eru land- og sjávarnýting, landbúnaður og hvers kyns notkun lífvera, auk losunar gróðurhúsalofttegunda og mengunar. En hvatirnar sem knýja okkur til að beita vopninu eru knúnar áfram af neyslu, græðgi og yfirlæti gagnvart því ríkulega lífi sem þrífst á þessari litlu plánetu. Þetta eru kenndir sem fela í sér það hörmulega, og mjög svo mannlega, viðhorf að við séum ofar náttúrunni sett.

Þessar hvatir eru nákvæmlega þær sömu og Rachel Carson skrifaði um í Raddir vorsins þagna árið 1962. Ekkert hefur breyst, nema það að við erum nú að tala um hrun hnattrænna vistkerfa, en ekki staðbundinna.

Rétt eins og sláandi niðurstöður milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar hafa kallað á tafarlausar aðgerðir til að stemma stigu við losun gróðurhúsalofttegunda og breytingum á veðrakerfum plánetunnar, þá krefjast niðurstöður IPBES þess að eitthvað sé gert. Til þess þurfum við ábyrgar og djarfar ákvarðanir af hálfu þeirra sem við höfum kosið til að vernda hagsmuni okkar. Kjörnir fulltrúar bera ábyrgð, rétt og eins og almenningur. Það er okkar ábyrgð – það er okkar byrði – að taka þessar erfiðu en nauðsynlegu ákvarðanir og fylgja þeim eftir.

**Hvatirnar sem knýja okkur til að beita vopninu eru knúnar áfram af neyslu, græðgi og yfirlæti gagnvart því ríkulega lífi sem þrífst á þessari litlu plánetu.**


## Varmadælur & loftkæling




- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir
- Virkar niður í -30°C

Verð frá aðeins kr. 145.000 m.vsk
Midea KMB-E09
Max 3,4 kW
2,65 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,85)
f. íbúð ca 40m2.

Umhverfisvænn kælimiðill R32

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land


## Halldór




## Frá degi til dags

**Stasi-liði stígur fram**

**Rithöfundurinn Hermann Stefánsson upplýsir í viðtali í menningarkafla blaðsins í dag að hann hafi skrifað upp Klaustursupptökurnar. Það gerði hann sér þó ekki til ánægju heldur vinnur hann sem verktaki í fjarvinnslu hjá Alþingi. Þessir verktakar hafa það hlutverk að skrifa upp ræður sem fluttar eru í þingsal þannig að Hermann ætti að vera ýmsu vanur. Hann rifjar upp að Sigmundur Davíð hafi líkt þeim sem hefði verið settur í þetta hlutverk við hvern annan ritara hjá Stasi. Hermann tekur því ekki illa og segist hafa verið kallaður verri nöfnum. Hann sé þar að auki lítið fyrir skjall. Hér er augljóslega verið að fjalla um líf annarra en Sigmundar Davíðs.**

**Selurinn Gunnar**

**Hin meintu selahljóð sem heyrast á upptökunum af Klaustri urðu uppspretta ýmissa misgáfulegra kenninga. Stóll að hreyfast, reiðhjól að bremsa eða eitthvert annað umhverfishljóð að utan. Hermann er hins vegar búinn að leysa gátuna. Ef hljóstað sé lengi á upptökurnar megi heyra í ansi mörgum selum. Skýringin sé einfaldlega sú að Gunnar Bragi Sveinsson reki stundum upp raddlausan hlátur sem minnt geti á sel. Það er hæfileiki sem mun án efa nýtast honum í framtíðinni, hvort sem hún verður í pólitík eða ekki.**

sighvatur@frettabladid.is

# Óbærilegt hjónaband



Jón Steindór Valdimarsson
þingmaður Viðreisnar

Hjónaband er lögbundið og formlega staðfest samkomulag tveggja einstaklinga um að verja lífinu saman með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja. Hjónaband getur af mörgum ástæðum orðið óbærilegt fyrir annan eða báða sem til þess stofnuðu, t.d. vegna ofbeldis eða sundurlyndis. Dæmin sanna að oft er hægara sagt en gert að losna úr hjónabandi sem einkennist af andlegu og líkamlegu ofbeldi.

Oft lýkur ofbeldi, líkamlegu en þó aðallega andlegu, ekki við það að fólk slíti sambúð. Sá sem ofbeldinu hefur beitt heldur því áfram með þeim aðferðum sem tiltækar eru, svo sem með þrætum um forræði og umgengni við börn, baráttu gegn lögskilnaði og töfum á fjárhagslegum skiptum. Þannig er ofbeldinu og tökum geranda á lífi þolandans haldið áfram um árabil.

Það er undarlegt að hjúskaparbrot er mun greiðfærari skilnaðarástæða en ofbeldi. Hvernig má það vera að löggjöfin sé þannig úr garði gerð að hún neyði fólk til þess að vera mörg ár að losna úr sambandi sem það vill ekki lengur? Af hverju þurfa að líða minnst tvö ár frá samvistarslitum hjóna vegna ósamlyndis áður en hægt er að krefjast lögskilnaðar?

Hjónaband er samkomulag og því verður að vera hægt að rifta með lögformlegum hætti á skemmri tíma en núgildandi lög leyfa. Engan á að neyða til þess að vera í lagalegum tengslum við maka sem hann vill losna úr tengslum við jafn lengi og núverandi hjúskaparlög krefjast. Þessu verður að breyta og þess vegna verður lagt fram frumvarp á næstu dögum sem felur í sér að réttur hjóna til að krefjast lögskilnaðar verði rýmkaður. Ekki skipti lengur máli hvort annað eða bæði óski eftir lögskilnaði og um leið verði tímamörk til kröfu um lögskilnað í kjölfar samvistarslita vegna ósamlyndis stytt úr tveimur árum í eitt.

**Af hverju þurfa að líða minnst tvö ár frá samvistarslitum hjóna vegna ósamlyndis áður en hægt er að krefjast lögskilnaðar?**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Takk fyrir!



**Valgerður Rúnarsdóttir**
sérfræðilæknir hjá SÁÁ

Takk fyrir að styðja okkur hjá SÁÁ til þess að taka á móti einstaklingum og fjölskyldum, sem leita aðstoðar okkar vegna vanda af áfengi og öðrum vímuefnum.

Með ykkar aðstoð getum við veitt 30% meiri þjónustu en ríkið greiðir fyrir með samningum Sjúkratrygginga Íslands.

Hjá SÁÁ bjóðast margs konar inngrip allt frá viðtölum, kynningum og meðferð í göngudeildum, í inniliggjandi meðferð við fíknsjúkdómi til mislangs tíma. Úrræðin eru einstaklingsmiðuð og meðferðarlínur eru sérhæfðar eftir aldri, kyni og mismunandi neyslu. Sjúkrahúsvist á Vogi er meðal annars með lyfjameðferðum, afeitrun, skimunum smitsjúkdóma og meðferða þeirra, upphaf sálfélagslegrar meðferðar og einstaklingsbundin áætlun um næsta skref. Allt frá skaðaminnkun í markvissa bataáætlun.

Á Vog vilja miklu fleiri koma en við ráðum við að sinna. Því miður er það svo. Það eru þung skref að taka ákvörðun um að biðja um inniliggjandi meðferð við fíknsjúkdómi. Það er alltaf aðdragandi að því, endurteknar tilraunir á eigin spýtur og með öðru fagfólki eins og heimilislækni, sálfræðingi, félagsráðgjafa og fleirum. Sjúkrahúsið Vogur er fjársvelt heilbrigðisstofnun, sem ætti þó að fá svigrúm til miklu meiri afkasta. Þörfin er til staðar. Eftirspurnin er til staðar. Það er ungt fólk sem hefur væntingar og skyldur sem bíður um aðstoð, það þarf að sinna því. Vaxandi hópur eldri einstaklinga hefur knýjandi þörf fyrir aðstoð.

Í nútíma velferðarþjónustu er mikið talað um að mæta fólki þar sem það er, virða ákvörðunarrétt einstaklinga og vinna að valdeflingu hvers og eins. Þetta eru allt eðlilegar kröfur og leiðandi í samskiptum í heilbrigðiskerfinu í dag, hvort sem um er að ræða skaðaminnkun eða meðferð til lækninga. Svo er einnig hjá SÁÁ.

**Sjúkrahúsið Vogur er fjársvelt heilbrigðisstofnun, sem ætti þó að fá svigrúm til miklu meiri afkasta. Þörfin er til staðar. Eftirspurnin er til staðar.**

Er mismunun einstaklinga eftir því hvert val þeirra er?

Þegar einstaklingur hefur tekið ákvörðun um að hætta neyslu áfengis eða annarra vímuefna og þarf til þess aðstoð, þá er slæmt að valið standi honum ekki opið. Það þurfa að vera opnar dyr, tækifæri til inngripa og meðferðar, þar sem einstaklingurinn tekur ábyrgð á sjúkdómi og bata við honum.

Ef ekki kæmi til stuðningur ykkar við SÁÁ, væri þjónusta okkar umtalsvert minni þrátt fyrir augljósa þörf fyrir það sem gert er í dag. Helst af öllu vildum við geta gert betur, sinnt fleirum og sinnt þeim fyrr, útrýmt biðlista á Vog og aukið til muna meðferð og möguleika í göngudeildum.

Á meðan stuðningurinn er til staðar, höldum við áfram að gera okkar besta fyrir fólk með fíknsjúkdóm og fjölskyldur þeirra.

# Brúarskóli stækkaður?



**Kolbrún Baldursdóttir**
sálfræðingur og borgarfulltrúi Flokks fólksins

Á dagskrá borgarstjórnar í dag er tillaga Flokks fólksins þess efnis að byggt verði við Brúarskóla til þess að hann geti stækkað og tekið við fleiri nemendum. Staðsetning Brúarskóla í Vesturhlíð er afar hentug m.a. vegna þess að hún er ótengd íbúðarhverfi og verslunum. Mikil friðsæld er í hverfinu, gott næði til að vinna með börnin en samt stutt í allar áttir. Mikilvægt er að skólinn verði til framtíðar á þeim stað sem hann er. Í dag eru 24 börn í skólanum en lagt er til að skólinn verði stækkaður til að geta að minnsta kosti bætt við 6-8 nemendum. Núna eru 19 börn á biðlista.

Brúarskóli er einn sinnar tegundar. Börn sem eiga við djúpstæðan hegðunarvanda að stríða sem rekja má til ólíkra orsaka og raskana stunda þar nám. Skólinn er tímabundið úrræði og er markmiðið að börnin fari aftur í heimaskólann. Meðallengd skólavistar er 15-18 mánuðir. Brúarskóli sinnir fleiri hlutverkum og eitt þeirra er ráðgjafarhlutverk við aðra skóla. Sérhæft ráðgjafarteymi fer á vettvang í skóla sé þess óskað. Í Brúarskóla eru 2 þátttökubekkir í tengslum við skólann, annar í Húsaskóla og hinn í Ingunnarskóla og eru samtals 10 börn í þessum bekkjum. Brúarskóli sinnir auk þess kennslu á Stuðlum og BUGL. Skólinn er rekinn af Reykjavíkurborg með stuðning úr Jöfnunarsjóði.

**Ráðþrota foreldrar**

Borgarfulltrúi Flokks fólksins þekkir til mála þar sem foreldrar og kennarar eru ráðþrota. Ýmislegt hefur kannski verið reynt til að barninu geti liðið vel í skólakerfinu sem er í mörgum tilfellum vanbúið til að mæta öllum þörfum barna. Enda þótt skólastefna Reykjavíkurborgar kallist „skóli án aðgreiningar“ vantar mikið af þeirri þjónustu í almenna skóla sem þarf til að sinna börnum með ákveðnar sérþarfir. Sum börn passa heldur ekki í þær sérdeildir sem reknar eru í skólunum.

**Sérskólar í Reykjavík hafa orðið út undan, eru jafnvel einhvers konar afgangsstærðir og hafa þar af leiðandi ekki fengið næga athygli borgaryfirvalda.**

Sérskólar í Reykjavík hafa orðið út undan, eru jafnvel einhvers konar afgangsstærðir og hafa þar af leiðandi ekki fengið næga athygli borgaryfirvalda. Sérskóli eins og Klettaskóli er einnig yfirfullur. Lagt hefur verið til af Flokki fólksins að stækka úrræði eins og Klettaskóla en sú tillaga var felld. Í ljósi þeirrar staðreyndar að Brúarskóli annar ekki eftirspurn er orðið tímabært að stækka skólann til að hægt verði að fjölga börnum upp í alla vega 30 nemendur. Skóla- og frístundaráð er hvatt til að vinna þétt með starfsfólkinu hvað varðar framtíðarskipulag skólans.

**Aðalfundur**

FK
SÍÐAN 1966

Aðalfundur Félags kvikmyndagerðarmanna verður haldinn laugardaginn 25. maí kl. 16.00 í Slippnum – Hótel Marina við Mýrargötu.
Aðalfundurinn fer fram samkvæmt lögum félagsins.

**Dagskrá:**
- Skýrsla stjórnar
- Endurskoðaðir reikningar félagsins
- Lagabreytingar ef einhverjar eru
- Kosning stjórnar
- Ákvörðun um fast félagsgjald
- Kosning endurskoðanda
- Önnur mál

Óskað er eftir framboðum í stjórn félagsins.
Vinsamlega sendið póst með framboðum á netfangið formaður@filmmakers.is ef þið hafið áhuga á að taka virkan þátt í starfsemi félagsins.

FORD TRANSIT CUSTOM
– Betri en nokkru sinni!

Ford Transit Custom er þekktur fyrir einstakan búnað, endingu og hagkvæmni. Með nýrri kynslóð bætir Ford enn í og gerir Transit Custom enn betri. Hinn nýi Ford Transit Custom er ríkulega búinn m.a. olíumiðstöð með tímastilli, upphitanlegri framrúðu, aksturstölvu, Easy fuel eldsneytisáfyllingu, upphitanlegu ökumannssæti, spólvörn, ESP stöðuleikakerfi, brekkuaðstoð og 14 geymsluhólfum í innréttingu.
Ford Transit Custom fékk 5 stjörnur í árekstrarprófun Euro NCAP.

*Verð frá:*
**4.090.000** KR. M. VSK.
3.298.387 KR. ÁN VSK.
EINNIG FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

# Hæstánægður með silfrið en finn að ég get gert mun betur

**Júlían J.K. Jóhannsson segir blendnar tilfinningar bærast í brjósti sér eftir að hafa hreppt silfurverðlaun á Evrópumeistaramótinu í kraftlyftingum um nýliðna helgi. Fyrst og fremst er Júlían hæstánægður með árangurinn en að sama skapi sé ákveðið svekkelsi því að hann hafi fundið að hann gæti gert enn betur.**




Júlían J.K. Jóhannsson er hér lengst til vinstri á verðlaunapallinum í Tékklandi um helgina. MYND/AUÐUNN JÓNSSON

**KRAFTLYFTINGAR** Evrópumeistaramótið í kraftlyftingum fór fram í Plzen í Tékklandi um helgina. Þar náði Júlían J.K. Jóhannsson þeim frábæra árangri að hreppa silfurverðlaun í þungavigtarflokki. Júlían segir að markmið hans fyrir mótið hafi verið að enda á meðal þriggja efstu og komast á pall. Það tókst og gott betur en hann kveðst hins vegar hefðu getað gert enn betur ef undirbúningur hans hefði verið með betra móti en raun bar vitni. Júlían lyfti alls 1.085 kílóum í keppni dagsins en var aðeins frá sínum besta árangri sem er 1.115 kíló. Það var Rússinn Maksim Prokhorov sem varð Evrópumeistari.

„Ég er yfir mig ánægður með að hafa hreppt silfurverðlaun á svona sterku móti og ég er stoltur af þessum árangri. Tölulega séð eru lyfturnar líka mjög góðar og ég er að bæta mig í bekkpressu svo dæmi sé tekið. Það er flestallt jákvætt sem ég get tekið frá þessu móti. Þegar litið er til æfingauppkeyrslunnar sem var ekki eins og best verður á kosið þá er þetta bara mjög góð frammistaða,“ segir Júlían um árangurinn í Tékklandi.

„Ég tognaði bæði í brjósti og baki í upphafi ársins og það varð til þess að ég gat ekki keppt á Reykjavíkurleikunum í febrúar og á þeim tímapunkti var tvísýnt um að ég gæti tekið þátt í Evrópumeistaramótinu. Þessi meiðsli höfðu þó nokkur áhrif á undirbúninginn og ég fann fyrir eymslum í brjósti í lyftunum um helgina en bakið hélt hins vegar. Ég gerði allt sem í mínu valdi stóð til að ná þessu móti og leitaði til að mynda aðstoðar heilara,“ segir þessi öflugi kappi enn fremur um undirbúning sinn fyrir mótið.

„Þegar litið er til þess að mér finnist ég geta gert enn betur og varð þrátt fyrir það í öðru sæti þá er ég bara mjög sáttur og þetta gefur góð fyrirheit fyrir árið. Það er vissulega lúxusvandamál að telja sig að einhverju leyti svekktan með jafn góðan árangur á eins sterku móti og ég náði. Mér finnst ég geta endurmetið þau markmið sem ég setti mér fyrir árið og sett slána enn hærra. Næsta stóra verkefni hjá mér er heimsmeistaramótið sem haldið verður í Dúbaí í nóvember. Ég tvíbætti heimsmet á síðasta heimsmeistaramóti og ég stefni á að gera enn betur,“ segir Júlían um framhaldið hjá sér.

> **Ég er yfir mig ánægður með að hafa hreppt silfurverðlaun á svona sterku móti og ég er mjög stoltur af þessum árangri. Meiðsli höfðu þó nokkur áhrif á undirbúninginn og svo frammistöðuna.**

„Nú þarf ég að greina það hvað ég gerði vel og hvað aflaga fór á mótinu um helgina. Sem dæmi þá held ég að ég geti staðið mig enn betur með því að huga betur að andlega hlutanum og leitað kannski til íþróttasálfræðings í þeim efnum. Líkamlega hliðin er á góðum stað en ég þarf að sinna andlegu hliðinni betur. Þá er það að mínu mati hnébeygjan sem skilur á milli þess að ég hreppti ekki gullverðlaunin þessu móti. Ég þarf að einbeita mér að því að bæta tæknileg atriði í hnébeygjunni til þess að komast á pall á heimsmeistaramótinu,“ segir hann um komandi verkefni.

Júlían bætti heimsmetið í réttstöðulyftu með því að lyfta 405 kílóum á heimsmeistaramótinu í Halmstad í nóvember síðastliðnum. Þegar upp var staðið varð hann í fjórða sæti en eins og áður segir stefnir hann að því að bæta um betur og komast á pall á sterkasta mótinu sem haldið er ár hvert í kraftlyftingum. Á síðasta heimsmeistaramóti var Júlían 20 kílóum frá því að næla sér í bronsverðlaun og koma sér á pall. Hann telur það vel raunhæft að bæta sig svo mikið að hann endi með verðlaunapening af einhverri sort um hálsinn í Dúbaí.

„Meiðslin eru nú að baki og mér finnst ég á vera á þeim stað að það sé rúm fyrir töluverða bætingu. Ef mér tekst að ná upp fullum krafti í æfingatörninni næstu mánuði, tæknilega hliðin á hnébeygjunni lagast og hugarfarið verður rétt, þá mun ég komast á pall í Dúbaí. Það væri frábær tilfinning og ég mun leggja hart að mér til þess að það takist,“ segir Júlían um draum sinn.

hjorvaro@frettabladid.is

## Nýjast

### Pepsi-deild karla

**Víkingur - FH 1-1**

1-0 Nikolaj Andreas Hansen (40.), 1-1 Halldór Orri Björnsson (71.). Rautt spjald Brandur Hendriksson Olsen (FH) (44.).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Fylkir | 4 | Víkingur | 2 |
| KR | 4 | Stjarnan | 2 |
| ÍA | 4 | Valur | 1 |
| Breiðablik | 4 | HK | 1 |
| FH | 4 | Grindavík | 1 |
| KA | 3 | ÍBV | 0 |

### Enska úrvalsdeildin

**Man. City - Leicester 1-0**

1-0 Vincent Kompany (70.).

Manchester City komst á topp deildarinnar með þessum sigri en liðið hefur 95 stig á toppnum. Manchester City hefur eins stigs forskot á Liverpool fyrir lokaumferðina.

### Olís-deild karla

*Úrslitakeppni*

**Selfoss - Valur 29-26**

**Selfoss:** Elvar Örn Jónsson 6, Hergeir Grímsson 5, Haukur Þrastarson 4, Árni Steinn Steinþórsson 4, Guðni Ingvarsson 3, Nökkvi Dan Elliðason 3, Atli Ævar Ingólfsson 2, Alexander Már Egan 1, Pawel Kiepulski 1.

**Valur:** Anton Rúnarsson 8, Ýmir Örn Gíslason 7, Róbert Aron Hostert 4, Ágeir Snær Vignisson 2, Sveinn Aron Sveinsson 2, Orri Freyr Gíslason 1, Vignir Stefánsson 1, Arnór Snær Óskarsson 1.

Selfoss er þar af leiðandi komið í 3-0 og hefur því tryggt sér farseðilinn í úrslitaviðureign úrslitakeppninnar. Þar mun Selfoss annað hvort mæta Haukum eða ÍBV. Staðan í einvígi þeirra liða er 2-1 fyrir Hauka.

## Liverpool þarf kraftaverk

**FÓTBOLTI** Liverpool fær Barcelona í heimsókn í seinni leik liðanna í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu karla á Anfield í kvöld.

Katalónarnir unnu fyrri leik liðanna 3-0 og eru því komnir með annan fótinn í úrslitaleikinn. Lionel Messi skoraði tvö marka Barcelona í þeim leik og Luis Suárez það þriðja.

Til að bæta gráu ofan á svart verða Roberto Firmino og Mohamed Salah ekki með í þessum leik en Firmino er meiddur og Salah glímir við afleiðingar höfuðhöggs. Þá er Virgil van Dijk einnig tæpur vegna meiðsla. – hó




ÚTSALA!
Allt að
60%
Afsláttur
HEIMILISTÆKI · ÞVOTTAVÉLAR · KÆLISKÁPAR · UPPÞVOTTAVÉLAR
SJÓNVÖRP · HLJÓMTÆKI OG SVO MARGT FLEIRA!
BETRA BORGAR SIG
Opið virka daga 10 – 18 og laugardaga 11 – 16
RAFLAND
Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

## Merkisatburðir



**1981** Framhaldsþátturinn **Dallas** hefur göngu sína í íslenska sjónvarpinu.

**1982** Söngleikurinn Litla hryllingsbúðin er frumsýndur í New York.

**1986** Hornsteinn er lagður að húsi Seðlabankans, við hátíðlega athöfn á 25 ára afmæli bankans.

**1989** Hljómsveitin Riva sigrar í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva með laginu Rock Me. Framlag Íslands, Það sem enginn sér, fékk ekkert stig.

**1994** Ermarsundsgöngin milli Englands og Frakklands eru opnuð.

**1994** Mannréttindasáttmáli Evrópu er lögtekinn á Íslandi.

**2010** Hreiðar Már Sigurðsson og Magnús Guðmundsson, fyrrverandi háttsettir starfsmenn KB banka, eru handteknir eftir skýrslutöku hjá sérstökum saksóknara.

ÞETTA GERÐIST: 7. MAÍ 1945

## Skrifað undir sáttmála um stríðslok

Nasistastjórn Þjóðverja ritaði undir skilyrðislausa uppgjöf í seinni heimsstyrjöldinni fyrir hönd landsins þennan mánaðardag árið 1945. Þar með lauk stríði sem staðið hafði yfir í Evrópu í hátt í sex ár. Frakkar voru fyrstir með fréttirnar enda átti undirskriftin sér stað í borginni í Reims í norðausturhluta Frakklands snemma morguns.

Fyrir hönd nasista skrifaði hershöfðinginn Gustav Jodl undir uppgjöfina og fulltrúar Rússa, Frakka og bandamanna rituðu undir staðfestingu á henni. Daginn eftir var haldið upp á þennan viðburð víða um heim. Winston Churchill, forsætisráðherra Breta, Jósef Stalín, leiðtogi Sovétríkjanna, og Harry S. Truman, forseti Bandaríkjanna, tilkynntu allir þrír samtímis opinberlega um uppgjöf Þjóðverja í höfuðborgum landanna þriggja.



---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðný Berndsen**

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ föstudaginn 26. apríl. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 13. maí klukkan 13.00.

**Margrét Viðarsdóttir**
**Erla Viðarsdóttir** **Kristinn Pedersen**
**Sólveig Viðarsdóttir** **Logi Már Einarsson**
**Sigrún Viðarsdóttir**
**Elín Viðarsdóttir**
**Sigurður B. Viðarsson** **Brynja Geirsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ólöf Vilhelmína Ásgeirsdóttir**
frá Húsavík,

er látin.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 10. maí kl. 13.00.

**Ásgeir Rúnar Helgason** **Helga Lára Haraldsdóttir**
**Valdimar Helgason** **Helena Margrét Jóhannsdóttir**
**Sigríður Björk Þormar**
**Hugi og Muni Ásgeirssynir**
**Helgi Már, Sigríður Ólöf og Jóhann Daði Valdimarsbörn**
**Sigurður Hrannar og Tómas Atli Björnssynir**
**og barnabarnabörn.**

---



Okkar ástkæri

**Stefán Friðbjarnarson**
fyrrum bæjarstjóri og blaðamaður,
Gullsmára 11, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 2. maí. Útförin fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 20. maí klukkan 13.00.

**Sigmundur Stefánsson** **Elísabet Kristinsdóttir**
**Kjartan Stefánsson** **Guðrún Sigurðardóttir**
**Sigríður Stefánsdóttir**
**Ellen Árnadóttir**
**Gunnar Svavarsson** **Lára Sveinsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

---

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*



**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353



**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Halldór Jóhann Guðmundsson**
bankastarfsmaður,
Haðalandi 10,

lést á LSH 1. maí og verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju 8. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnauppeldissjóð Thorvaldsensfélagsins, sími: 551-3509.

**Lára Margrét Gísladóttir**
**Guðmundur Ó. Halldórsson** **Irena Galaszewska**
**Guðlaug Á. Halldórsdóttir**
**Þórarinn S. Halldórsson** **Fatmata Bintu Cole**
**Halldór A. Halldórsson** **Helga M. Reykdal**
**Gísli Á. Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Elsa Jóna Theódórsdóttir**

lést föstudaginn 3. maí á hjúkrunarheimilinu Grund. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Hjalti Garðar Lúðvíksson**
**Theódór Lúðvíksson**
**Sigríður Einarsdóttir Laxness**
**Halldór E. Laxness**
**Margrét E. Laxness**
**Einar E. Laxness**
**og fjölskyldur.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Edvard van der Linden**
**(Eddý)**
Steinahlíð 3b, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 2. maí. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 10. maí kl. 13.30. Sérstakar þakkir til starfsfólks lyflækningadeildar SAK fyrir hlýja og góða umönnun.

**Herdís Guðrún van der Linden**
**Ómar Þór Edvardsson** **Bára Einarsdóttir**
**Arnar Chr. Edvardsson** **María Rán Pálsdóttir**
**Jón Örvar Edvardsson** **Lind Hrafnsdóttir**
**Pálmar G. Edvardsson** **Sólveig Jóna Geirsdóttir**
**afa- og langafabörn.**

---



Elsku pabbi okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Valdimar Sigfús Helgason**
Grjótaseli 15, Reykjavík,

lést á heimili sínu sunnudaginn 14. apríl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 8. maí. kl. 13.00.

**Sigrún Steina Valdimarsdóttir** **Walter Schmitz**
**Kristín Helga Valdimarsdóttir** **Magnús Magnússon**
**Kolbrún Ásdís Valdimarsdóttir**
**Hörður Valdimarsson**
**Gunnar Grétar Valdimarsson** **Ingibjörg Sigurðardóttir**
**Erna Valdimarsdóttir** **Þórður Geirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hjörleifur Guðbjörn Bergsteinsson**
vélfræðingur,
Reykjavíkurvegi 52a, Hafnarfirði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sólvangi þann 1. maí sl. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Alzheimersamtökin. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 10. maí nk. kl. 13.00.

**Hafdís Maggý Magnúsdóttir**
**Herdís Hjörleifsdóttir**
**Magnús Hjörleifsson** **Anna Sigríður Alfreðsdóttir**
**Bergsteinn Hjörleifsson** **Helga Kristín Bragadóttir**
**Hjörleifur Hjörleifsson** **Laufey Ingibjörg Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Valur Baldvinsson**
Krókeyrarnöf 24, Akureyri,

er látinn.
Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 14. maí kl 13.30.
Okkar innilegustu þakkir til Nickolas Cariglia, stúlknanna í Heimahlynningu og starfsfólksins á lyflækningadeild SAk fyrir alúðleg störf og hlýhug.

**Bernharð Valsson** **Elva María Káradóttir**
**Hilmir Valsson** **Gunnhildur Magnúsdóttir**
**Vala Valsdóttir** **Jóhann Grímsson**
**Breki og Starri Bernharðssynir**
**Hugi, Selma, Hrund, Harpa og Hrafn Hilmisbörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir og stjúpmóðir okkar,

**Ingveldur Geirsdóttir**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans föstudaginn 26. apríl. Útför hennar fer fram í Grafarvogskirkju þriðjudaginn 14. maí kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir.

**Kristinn Þór Sigurjónsson**
**Ásgeir Skarphéðinn Andrason**
**Sigurjón Þór Kristinsson**
**Kristín Þórunn Kristinsdóttir**
**Gerður Freyja Kristinsdóttir**

---



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, systir, frænka og vinkona,

**Ástríður K. Kristjánsdóttir**
frá Ytri-Reistará,
Tröllagili 10, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 29. apríl. Útför hennar fer fram frá Möðruvallakirkju í Hörgárdal laugardaginn 11. maí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heimahlynningu Akureyrar.

**Sunneva Dögg Ragnarsdóttir** **Bragi Austfjörð**
**Lovísa Buhl Kristjánsdóttir** **Björn Einarsson**
**Magnús Kristjánsson**
**Hans Pétur Kristjánsson**
**Hólmfríður Kristjánsdóttir** **Eggert Birgisson**
**fjölskyldur og vinkonur**

# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 7. MAÍ 2019



María hefur alltaf verið ástríðukokkur. Á sumrin leitar hún að innblæstri í matargerðinni á Spáni, þaðan sem föðurætt hennar er.

# Einfaldir og sumarlegir alls konar flottir réttir

María Gomez hefur haldið úti matarblogginu paz.is í tvö ár. Hún er ástríðukokkur og kýs að elda einfaldan en góðan fjölskyldumat. María sækir innblástur til Spánar þangað sem hún á ættir að rekja en hér er sumarþema. →2

30% afsláttur
í hádeginu alla virka daga



SUSHI
Osushi
Tryggvagötu

Framhald af forsíðu ➪

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



María gefur lesendum léttar og sumarlegar uppskriftir sem hún segir að séu mjög góðar og auðvelt að útbúa. María flutti til Íslands þegar hún var fimm ára en hefur alla tíð verið með annan fótinn á Spáni þar sem föðurfjölskyldan býr. „Ég á stóra fjölskyldu á Spáni sem ég er í miklum og góðum samskiptum við. Föðurfjölskyldan býr nálægt Granada í Andalúsíu og þangað fer ég oft,“ segir María en hún er með stóra fjölskyldu, eiginmann og fjögur börn, eina nítján ára og þrjú á leikskólaaldri. Þar sem hún er með ung börn finnst henni best að elda einfaldan mat sem lítið þarf að hafa fyrir. „Bloggið mitt hentar einmitt fjölskyldufólki,“ segir hún.

María segir að hún detti oft í Spánargírinn með uppskriftirnar sínar á sumrin. „Bloggið mitt heitir eftir spænskri ömmu minni og föðursystur. Mér finnst gaman að setja inn eitt og annað um hefðir og venjur á Spáni. Sérstaða mín liggur svolítið í Spánartengingunni,“ segir hún. „Mér hefur alltaf þótt mjög gaman að elda mat en er kannski minna fyrir að baka kökur. Líklegast vegna þess að ég er bæði fljótfær og óþolinmóð. Hér áður fyrr keypti ég mikið af kokkabókum þegar ég var í útlöndum og lá svo uppi í rúmi og las þær. Mér finnst gaman að leika mér í eldhúsinu og prófa nýja rétti. Ég er þó fyrst og fremst áhugakokkur,“ segir María og hér eru spennandi uppskriftir frá henni.



Öðruvísi vorrúllur að hætti Maríu. Þessar eru ótrúlega flottur og skemmtilegur eftirréttur í sushi-partíi.



María á fjögur börn og segist heillast af einfaldri matargerð.

## Fiskréttur með skinkumyrju og sveppum

Sveppir og skinkumyrja ... tilvalið að gera úr því góðan fiskrétt sem er mjög einfaldur og smakkast vel.

### Í réttinn þarf

**1 miðlungsstórt glas hýðishrísgrjón, stutt (eða þau hrísgrjón sem þið viljið nota) á móti 2 glösum af vatni til suðu**
**700 g ýsa eða þorskur**
**100 g sveppir**
**1 box af skinkumyrju**
**1 stór dós kotasæla (500 g)**
**Rifinn ostur**
**Paprikuduft**
**Salt og pipar**

Byrjið á að sjóða grjónin eftir leiðbeiningum (munið að salta þau) og hitið ofninn í 200°C. Skerið fiskinn í sneiðar, þversum eftir flakinu, og leggið á eldhúspappír til að ná sem mestum raka úr honum. Skerið sveppina í þunnar sneiðar. Þegar grjónin eru til eru þau sett í botninn á eldfasta mótinu. Næst er svo fiskinum raðað í eina röð ofan á og saltað og piprað. Svo er skinkumyrjunni smurt á, jafnt yfir allan fiskinn. Raðið svo sveppunum jafnt ofan á allt. Smyrjið næst kotasælunni jafnt yfir allt saman. Að lokum er rifnum osti stráð yfir og paprikudufti sáldrað létt yfir.
Bakið við 200°C hita í 35 mínútur. Þennan rétt er best að bera fram með fersku salati og hvítlauksbrauði. Best er að leyfa honum að standa í 10 mínútur, meðan mesti rakinn og hitinn er að rjúka úr honum.
Meðan rétturinn er sjóðandi heitur myndast eins og vatnskennd sósa í botninn en alls ekki skilja hana eftir. Dreitlið sósunni yfir fiskinn því þar er mesta bragðið í réttinum. Sósan verður svo þykkari eftir því sem rétturinn kólnar.



Frábær fiskréttur fyrir alla fjölskylduna.

## Eggaldinfranskar með parmesan og tómatbasilsósu

Þessar geggjuðu stökku parmesan eggaldinfranskar með tómatbasilsósu er erfitt að standast. Ekki skemmir fyrir að krakkar elska þær líka en þær eru mun hollari kostur en djúpsteiktar franskar.

**1 eggaldin**
**3 egg**
**1 bolli, fínt rifinn parmesan-ostur (rífið sjálf með smáu rifjárni, ekki kaupa þennan í dollunni)**
**¾ bolli Panko-brauðrasp (ekki sama og Paxo-rasp, passið það!)**
**Hveiti**
**Salt**
**Pipar**

Skerið eggaldin í lengjur sem eru í laginu eins og franskar, ekki taka hýðið af. Takið lengjurnar í sundur og setjið á borð eða bretti og saltið þannig að fari á allar lengjurnar. Setjið 3 egg í skál og saltið ögn. Setjið hveiti í aðra skál og Panko og parmesan-ost í þriðju skálina (blandið því vel saman). Nú hefst gamanið. Byrjið á að setja hverja lengju í hveiti, svo egg og síðast í parmesan/Panko-blönduna. Raðið hverri frönsku fyrir sig á grind (helst ekki setja á ofnplötu með bökunarpappír). Ég set ofngrind ofan á ofnskúffu og baka þær þannig. Það er allt í góðu að raða þeim þétt saman. Bakist svo á 210-220°C blæstri í 11-15 mínútur eða þar til þær verða gullinbrúnar.

### Tómatbasilsósa

**2 hvítlauksrif**
**Ólífuolía**
**Rauðar chiliflögur (örfáar en má sleppa)**
**½ bolli eplaedik**
**½ bolli púðursykur**
**1 tsk. Worchestershiresósa**
**1-2 dósir maukaðir tómatar**
**2 msk. tómatpúrrusalt, eftir smekk**
**5-8 blöð fersk basilíka**

Setjið olíu á botninn í potti og hitið. Takið hvítlaukinn úr hýðinu og berjið á hann með sleif eða hníf til að hann opnist. Setjið rifin í olíuna, en steikið ekki, heldur meira sjóðið þau í olíunni, sem þarf að vera við vægan hita.
Setjið næst chiliflögur, eplaedik, Worchestershiresósu og púðursykur ofan í. Að lokum er tómatpúrru, dósatómötum og basilíku bætt út í og látið sjóða við vægan hita í 30 mínútur. Hrærið reglulega í svo ekki brenni við botninn.



Eggaldinfranskar. Þær eru hollar og frábærlega góðar, segir María.

## Vorrúllur með ávöxtum, kókosgrjónum og súkkulaðisósu

Hér má sko alveg segja að sé um skemmtilega öðruvísi eftirrétt að ræða, sem ég myndi klárlega hafa með í sushi-partí. Hann er ekki bara ofboðslega góður heldur líka svo ótrúlega einfaldur og fagur. Þetta er svo skemmtilega öðruvísi að ég lofa að þið munuð slá í gegn ef þið bjóðið upp á þessi dýrlegheit.

**1 dós kókosmjólk**
**1 pakki af hrísgrjónablöðum**
**½ fyllt dós utan af kókosmjólkinni af hvítum ósoðnum grjónum**
**1 msk. sæta (ég notaði agavesíróp)**
**Klípa af salti**
**1 box af jarðarberjum**
**3 kíví**
**1 þroskað mangó**
**1 box brómber eða bláber eða bæði**

### Súkkulaðisósa

**100 g suðusúkkulaði**
**½ dl rjómi**
**Klípa af grófu salti**

Byrjið á að setja eina dós af kókosmjólk í pott. Setjið svo hrísgrjón í tóma dósina þannig hún sé hálffull og setjið út í pottinn. Setjið agave og salt út í og látið sjóða í eins og 20 mínútur eða þar til grjónin eru orðin mjúk og allur vökvi gufaður upp. Setjið til hliðar og kælið. Mýkið svo hrísgrjónablöðin eftir leiðbeiningum á pakkanum. Passið að láta þau bara rétt blotna til að mýkjast, annars klístrast þau. Niðurskornir ávextir eru settir eins og á ⅓ neðst á blöðin og grjónin svo ofan á. Brettið neðsta partinn yfir og hliðarnar inn að miðju eins og þegar maður gerir burrito. Rúllið síðan upp þar til rúllan lokast alveg.
Bræðið því næst súkkulaði og rjóma ásamt salti í potti og setjið í skál. Raðið rúllunum fallega á disk og berið strax fram með heitri súkkulaðisósu til að dýfa í.

## Granóla-skálar með grískri jógúrt og ferskum ávöxtum

Þessar dásamlega fallegu granólaskálar eru ekki bara góðar heldur líka svo fallegar að maður tímir varla að borða þær. Þær eru rosa sniðugar við alls kyns tilefni, eins og í mömmuklúbbinn, brönsinn, eða ef koma á ástinni í óvart sem dæmi.

Það skemmtilegasta við þetta er að þetta lítur út fyrir að vera mikil vinna en er svo ferlega létt að enginn mun fatta það. Allt í allt tekur þetta kannski um 20 mínútur.

### Í granóla-skálarnar þarf

**1 pakki af góðu granóla með ykkar uppáhaldsbragði, gott með súkkulaði**
**6 msk. bráðið íslenskt smjör**
**3 msk. gott gæðahunang**
**1 tsk. gróft salt**

### Fylling og skraut

**Ferskir ávextir eins og bláber, jarðarber og vínber eða bara ykkar uppáhald**
**Grísk jógúrt, hrein eða að eigin vali**
**Nokkrir 70% súkkulaðibitar**
**Val – ætileg blóm, til dæmis fjólur**
**Hunang**

Hitið ofninn á 180 C° blástur. Setjið granólað í matvinnsluvél eða blandara og malið örlítið en ekki alveg að mylsnu. Bræðið smjör og setjið út í ásamt hunangi og salti. Maukið saman þar til granólað verður svona límkennt. Setjið þá í form að eigin vali, þessi skammtur passar t.d. í stórt hringlaga form eða 6-8 lítil, og þjappið vel. Setjið í ofninn í 10 mínútur og leyfið svo að kólna í smástund (ég setti smástund í frysti).
Takið þá botninn eða skálarnar úr forminu og fyllið með grískri jógúrt og skreytið með ávöxtum. Notið hugmyndaflugið og njótið í botn að skreyta því það er svo skemmtilegt. Neytið strax því annars kemur raki í botninn og hann verður blautur, ekki láta líða meira en 20 mínútur allavega. Gott er að setja smá hunang eða döðlusíróp yfir í lokin.



# Bílar





# Sá söluhæsti í sparifötin

Söluhæsta einstaka bílgerð heims er Toyota Corolla og er hún nú komin af 12. kynslóð. Verður í boði í þremur ólíkum útfærslum sem þó fá allar nýjan undirvagn. Allar gerðir bílsins eru fríðar. →10



# BÍLAR

## 100.000 Volvo XC40 á rúmu ári

Eftirspurnin eftir XC40-bíl Volvo hefur frá upphafi verið svo mikil að Volvo hefur engan veginn haft við að framleiða bílinn. Frá kynningu hans í lok árs 2017 hafa selst yfir 100.000 eintök af bílnum. Fátt var því annað að gera en framleiða hann á fleiri stöðum en í verksmiðju Volvo í Gent í Belgíu, sem hingað til hefur verið eini framleiðslustaður hans. Núna er hafin framleiðsla á XC40 í verksmiðju Geely í Luqiao, suður af Sjanghaí í Kína. Með því er hægt að anna eftirspurn eftir bílnum í Asíu og ef til vill víðar.

**» Frá kynningu hans í lok árs 2017 hafa selst yfir 100.000 eintök af bílnum.**

Volvo XC40-bíllinn er smíðaður á undirvagni sem fleiri bílar í eigu Geely standa á, bílar sem ekki eingöngu eru með Geely-merkið á húddinu, heldur einnig Lync & Co og Polestar-bílar. Til stendur hjá Geely að bæta við jepplingi með coupe-lagi sem einnig fær þennan undirvagn. Þessi aðferðafræði tryggir lægra verð þessara bíla, minni þróunartíma og auðveldari og samræmdari framleiðslu.



Geometry-tilraunabíll.

## Geely kynnir rafbílamerkið Geometry

Kínverski bílaframleiðandinn Geely, sem á Volvo og Lotus, kynnti fyrir skömmu nýtt bílamerki sem aðeins mun framleiða rafmagnsbíla og fær það heitið Geometry. Bílum Geometry verður aðallega beint að Kínamarkaði, en hægt verður að kaupa bíla til annarra landa með því að panta þá gegnum pöntunarkerfi Geometry á netinu. Fyrirtækið ætlar að framleiða 10 mismunandi gerðir rafmagnsbíla til ársins 2025. Nú þegar eru komnar 26.000 pantanir í fyrsta bíl Geometry og það ekki bara í Kína, heldur um allan heim. Þessi fyrsti bíll Geometry mun í langdrægustu útfærslu komast 500 kílómetra á fullri hleðslu.

Stefnan hjá Geometry er að verða einn af 10 stærstu bílaframleiðendum heims, hvorki meira né minna. Geely keypti fyrir skömmu 50% hlut í Smart-bílaframleiðandanum frá Daimler í Þýskalandi og verður framleiðsla Smart-bíla flutt til Kína. Geely ætlar að fjárfesta fyrir 36.500 milljarða króna í rafbílum á næstu 5 til 10 árum og er helmingur fjárfestingarinnar ætlaður fyrir rafmagnsbíla selda í Kína. Geely náði 20% vexti í bílasölu á síðasta ári, en á ekki von á sams konar vexti í ár sökum minni bílasölu í Kína í ár en í fyrra.



Svona gæti Ford Puma orðið í endanlegri mynd.

# Ford Puma endurfædd sem smár jepplingur

Mun sitja á milli EcoSport og Kuga í stærð, fær mild-hybrid kerfi og kemur í enda ársins.

Margir kannast eflaust við litla bílinn Ford Puma sem Ford framleiddi á árunum 1997 til 2002. Nú ætlar Ford að endurvekja Puma-nafnið og setja það á smávaxinn jeppling sem koma mun á markað í lok þessa árs. Þessi jepplingur verður á milli EcoSport og Kuga í stærð og á hann að keppa í sölu við bíla eins og Nissan Juke, Peugeot 2008 og Renault Captur. Ford Puma mun sitja á sama undirvagni og er undir Ford Fiesta. Í útliti mun Ford Puma líkjast töluvert nýjum Ford Kuga og ljósin á bílnum mjög svipuð útlits. Bíllinn á að verða talsvert hár frá vegi og því að einhverju leyti fær um að glíma við ófærð. Skottrýmið verður óvenju mikið fyrir þennan flokk bíla, eða 456 lítrar, og er það 46 lítrum meira en í Peugeot 2008.

### Með mild-hybrid kerfi

Í Ford Puma verður 48 volta mild-hybrid kerfi sem bæði eykur afl bílsins og minnkar eyðslu hans. Þetta kerfi mun brátt einnig sjást í Fiesta- og Focus-bílum Ford. Hin þekkta og góða 1,0 lítra EcoBoost-bensínvél tengist síðan þessu kerfi og saman skapa þau 153 hestöfl og 240 Nm tog. Þó að þessi Ford Puma bætist við bílaflóru Ford ætlar fyrirtækið ekki að hætta framleiðslu EcoSport-bílsins þó svo að hann sé mjög nálægt honum í stærð, en EcoSport verður ódýrari bíll en Puma.



Bentley Bentayga.

## Bentley hugleiðir stærri jeppa en Bentayga enda sala lúxusjeppa góð

Svo virðist sem mjólkurkýr flestra bílaframleiðenda sé í formi jeppa og jepplinga og eiga hefðbundnir fólksbílar undir högg að sækja fyrir vikið. Svo rammt kveður að þessu að breski lúxusbílaframleiðandinn Bentley býst við því að næsti nýi bíll fyrirtækisins verði enn stærri jeppi en Bentayga-jeppinn sem selst nú einkar vel. Auðvitað hafa bílaframleiðendur afrakstur smíði sinnar mikið í huga við slíkar ákvarðanir og fyrir vikið fjölgar nú jeppum, ekki síst lúxusjeppum, sem aldrei fyrr. Ef af smíði slíks risajeppa yrði væri honum helst beint að bílamörkuðum í Asíu og Bandaríkjunum þar sem virðist vera óseðjandi eftirspurn eftir dýrum og stórum jeppum. Því dýrari og stærri, því betra. Vafalaust mun Bentley vopna stærri jeppa en Bentayga með enn öflugri vél, en í Bentayga-jeppanum er 600 hestafla og tólf strokka vél með 6,0 lítra sprengirými.

## Volkswagen kynnir I.D. Roomzz rafmagnsbíl í Sjanghaí í vikunni

Volkswagen ætlar að kynna glænýjan rafmagnsbíl á bílasýningunni í Sjanghaí, sem opnuð verður í vikunni. Bíllinn tilheyrir svokallaðri I.D.-röð rafmagnsbíla Volkswagen og hefur fengið nafnið I.D. Roomzz og er nafnið skírskotun í það mikla rými sem er í bílnum. Svo langur er þessi bíll að hann er með þrjár sætaraðir. Það er engin tilviljun að Volkswagen velji að kynna þennan bíl í Kína, en þar í landi er stærsti markaðurinn fyrir umhverfisvæna bíla í heiminum.

Bíllinn er stærri en I.D. Cross rafmagnsbíllinn sem Volkswagen sýndi fyrst almenningi á bílasýningunni í Los Angeles árið 2017. Mikill sveigjanleiki er varðandi sætaskipan aftur í þessum nýja I.D. Roomzz bíl og hægt að breyta bílnum í hálfgerða setustofu. Bíllinn er með rafmótora á báðum öxlum og því fjórhjóladrifinn og afl þeirra er samtals 302 hestöfl. Það gerir þennan stóra bíl snöggan og tekur ekki nema 6,6 sekúndur að ná 100 km hraða. Hámarkshraði bílsins er takmarkaður við 180 km.



**» I.D. Roomzz bíllinn er stærri en I.D. Cross rafmagnsbíllinn sem Volkswagen sýndi fyrst almenningi á bílasýningunni í Los Angeles árið 2017.**

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

NISSAN
Innovation that excites

# MEIRA FYRIR PENINGINN

TRYGGÐU ÞÉR EINN **PAKKAÐAN NISSAN**




## BJÓÐUM NOKKRA SÉRÚTBÚNA X-TRAIL OG QASHQAI MEÐ **700.000 KR. AFSLÆTTI**

Um er að ræða takmarkaðan fjölda Nissan TEKNA, sem eru hlaðnir lúxusbúnaði, á verði ACENTA.

**NISSAN QASHQAI**
TEKNA, 2WD, SJÁLFSKIPTUR, BENSÍN
VERÐ FRÁ: 4.950.000 KR.
**TILBOÐSVERÐ:**
**4.250.000 kr.**

**NISSAN X-TRAIL**
TEKNA, 4WD, 7 SÆTA, SJÁLFSKIPTUR, DÍSIL
VERÐ FRÁ: 7.190.000 KR.
**TILBOÐSVERÐ:**
**6.490.000 kr.**

ENNEMM / SÍA / NM92711

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



Fyrsta teikning af jeppanum.

## Rafmagnsjeppi frá Ford með 600 km drægi

Ford ætlar í enda þessa árs að kynna til leiks nýjan jeppa sem eingöngu verður knúinn rafmagni og drægi hans á að slá flestu við. Ford segir að hann muni komast 600 km á fullri hleðslu og með því slær hann rækilega við Jaguar I-Pace, Audi E-Tron og það sem meira er, Tesla Model X jeppanum. Ford segir að mælingar á drægi bílsins séu samkvæmt nýja WLTP-kvarðanum og samkvæmt því má treysta á þetta drægi. Bíllinn á að verða með einstaka aksturseiginleika og minna á Mustang-sportbíl Ford að því leytinu, en einnig munu ákveðnir útlitsþættir bílsins minna á Mustang. Til að minna nú sem mest á Mustang-bílinn mun jeppinn fá nafnið Mach 1. Hann verður framleiddur í Mexíkó. Þessi bíll verður aðeins einn af alls 16 rafmagnsbílum sem Ford ætlar að kynna til ársins 2022.

# Frábær fyrsti fjórðungur

Fyrsti rafmagnaði sendibíllinn frá Volkswagen, e- Crafter, er á leiðinni til landsins. Spenna hefur myndast fyrir nýja e-Crafter og nýjum e-Caddy.

Volkswagen atvinnubílar hafa verið að sækja í sig veðrið síðustu misseri og eru efstir í sölu meðal sendibíla í aprílmánuði. Fram undan eru miklar nýjungar og eins og hjá Volkswagen-fólksbílum er veðjað á rafmagnsbílana. Volkswagen-samsteypan hefur gefið út að á næstu árum muni rafmagnsbílum fjölga gríðarlega og í fólksbílunum er verið að hefja kynningu á nýrri ID-rafbílalínu Volkswagen.

### Ríflega fjórðungs hlutdeild

Þegar litið er á sölutölur hér á landi í aprílmánuði eru Volkswagen-atvinnubílar í efsta sæti í sölu sendibíla með ríflega 28% markaðshlutdeild. Hjá Volkswagen eru það sendibílarnir Crafter og Transporter sem eru söluhæstir í mánuðinum en fyrsti rafmagnaði sendibíllinn, e-Crafter, er á leiðinni til landsins. Spenna hefur myndast fyrir þessum nýja e-Crafter enda Volkswagen þekkt fyrir afburðatækni í rafmagnsbílum. e-Crafter er þar engin undantekning en hann viðheldur meðal annars hefðbundnu flutningsrými sem er allt að 10,7 m³ ásamt 1.861 mm hæð í flutningsrýminu sem þakka má fyrirferðarlitlu rafhlöðustjórnkerfi og liþíum-jóna-rafhlöðu sem komið er fyrir á undirvagninum. e-Crafter býður einnig upp á þann sveigjanleika sem viðskiptavinir þekkja og veitir góðan grunn fyrir hvers kyns breytingar eða umbætur sem þeir kjósa að gera.



Volkswagen Caddy.

### Caddy trónir á toppnum

Næsta nýjung hjá Volkswagen atvinnubílum verður e-Caddy sem kemur til Íslands á næstu mánuðum og með haustinu kemur rafmagnaður e-Transporter. Þegar litið er á árið í heild sinni eru Volkswagen-atvinnubílar með rétt rúmlega 20% markaðshlutdeild sendibifreiða en næsta merki fylgir á eftir með rúm 18%. Hjá Volkswagen trónir þar Caddy á toppnum sem hefur síðustu ár verið einn af vinsælustu sendibílum landsins. Nýlega komu aftur til landsins metanknúnir Caddy-sendibílar sem hafa verið afar vinsælir og eftirspurnin mikil en 90% af nýskráðum metanknúnum bílum árið 2019 eru frá Volkswagen; hvort tveggja fólksbílar og sendibílar.

**» Þegar litið er á sölutölur hér á landi í aprílmánuði eru Volkswagen atvinnubílar í efsta sæti í sölu sendibíla með ríflega 28% markaðshlutdeild.**






**PEUGEOT Á ÍSLANDI | BRIMBORG** frumsýnir nýjan Peugeot Partner sendibíl. Það segir margt um gæði Peugeot sendibíla að Peugeot Partner hefur í 20 ár verið einn mest keypti sendibíll Evrópu. Hann hefur staðist kröfur fagmanna og er fyrirmynd í sínum flokki. Nýr Peugeot Partner byggir á reynslunni og er nú á nýjum undirvagni sem ættaður er frá fólksbílalínu Peugeot sem hefur heillað heimsbyggðina með framúrskarandi aksturseiginleikum og styrk. Peugeot Partner vann á dögunum Sendibíll ársins 2019 – INTERNATIONAL VAN OF THE YEAR 2019 sem segir allt um gæðin.

***KOMDU OG KEYRÐU SENDIBÍL ÁRSINS PEUGEOT PARTNER!***

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

**peugeotisland.is**




Bjarni Benediktsson er framkvæmdastjóri Víkurvagna en fyrirtækið hefur þjónað landsmönnum í rúmlega þrjá áratugi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI





Hér má sjá sænska vörulyftu frá gæðamerki

# Traustur samstarfsaðili í rúmlega þrjá áratugi

Víkurvagnar eru leiðandi hér á landi í framleiðslu á dráttarbeislum, kerrum og vögnum auk þess að flytja inn vörulyftur fyrir ýmsar gerðir bíla.

Kynning

Óhætt er að segja að landsmenn geti stólað á frábærar vörur, þjónustu og varahluti hjá Víkurvögnum enda var fyrirtækið stofnað fyrir rúmum þremur áratugum. Víkurvagnar eru leiðandi hér á landi í framleiðslu á dráttarbeislum, kerrum og vögnum auk þess að flytja inn vörulyftur og starfa reynslumiklir starfsmenn hjá fyrirtækinu að sögn Bjarna Benediktssonar, framkvæmdastjóra Víkurvagna. „Nú eru margir t.d. að íhuga kaup á kerru fyrir sumarið og þá skiptir miklu máli að huga að framboði varahluta og viðgerðarþjónustu.

# BÍLAR




Víkurvagnar bjóða upp á vélavagna í mörgum stærðum frá Ifor Williams.



Starfsmaður Víkurvagna sérsmíðar hér kerru fyrir viðskiptavin.




nu Zepro.



Farangursboxin vinsælu frá ítalska framleiðandanum Fabbri.




Dráttarbeisli sem hægt er að taka af, frá Westfalia.

Víkurvagnar selja varahluti í allar tegundir kerra og við höfum upp á að bjóða gott verkstæði til að viðhalda öllum tegundum kerra. Við erum því eina fyrirtækið hérlendis sem selur kerrur og býður upp á fullkomna varahlutaþjónustu í tengslum við þær

Ef kerra er t.d. keypt hjá Víkurvögnum er hægt að koma til okkar eftir fimm ár til að kaupa eitt ljós,“ segir Bjarni. „Það sama verður ekki sagt um aðra söluaðila á kerrum hérlendis. Einnig má benda á að við bjóðum upp á hjólabúnað fyrir þá sem eru sjálfir að smíða kerrur. Víkurvagnar sjá um viðgerðir á öllum kerrum, bæði reglubundið viðhald en einnig breytingar og slíkt sem stundum þarf að huga að.“

## Reynslan mikilvæg

Mikil reynsla hefur safnast upp hjá starfsmönnum fyrirtækisins undanfarna áratugi sem viðskiptavinir finna svo sannarlega fyrir. „Við höfum selt dráttarbeisli, vörulyftur og kerrur í langan tíma og þekkjum þessar vörur og merkin út og inn. Það skiptir miklu máli fyrir viðskiptavini okkar að finna að starfsmenn séu hoknir af reynslu. Þegar kemur t.d. að því að smíða kerrur erum við sérfræðingar í öllu ferli enda smíðum við kerrur frá grunni.“

## Vinsæl dráttarbeisli

Dráttarbeisli njóta sífellt meiri vinsælda hér á landi, ekki síst með mikilli fjölgun hjól- og fellihýsa auk þess sem hjólreiðafólki fjölgar jafnt og þétt en það tekur hjólin gjarna með í sumarfríið eða í lengri ferðir út fyrir bæjarmörkin. „Hjólreiðafólk getur sett festingar ofan á dráttarkúlurnar og þannig tekið hjólin með hvert á land sem er. Það eykur eðlilega notagildi hjólanna talsvert enda hjólreiðafólk algeng sjón í sveitum landsins yfir sumartímann.“

Víkurvagnar eru langelsta fyrirtækið hér á landi sem selur dráttarbeisli og þjónustar þau. „Sú þekking sem hefur byggst upp innanhúss er því afar verðmæt og viðskiptavinir njóta þess. Við flytjum inn dráttarbeisli frá tveimur virtum evrópskum framleiðendum, Westfalia og Steinhof. Rafsettin fyrir beislin erum við að taka frá Ryder í Bretlandi, Jaeger í Þýskalandi og ECS í Hollandi. Við smíðum einnig talsvert af beislum sjálfir, t.d. undir ameríska bíla, en einnig höfum við smíðað mikið af prófílbeislum undir jeppa og sendiferðabíla. Því getum við nánast alltaf leyst beislismálin með því að smíða þau, því ef við eigum það ekki á lager er það smíðað undir viðkomandi bíl. Við eigum mikið af mótum fyrir beislin þannig að oft erum við búnir að smíða beislin áður en bíllinn kemur til okkar.“

> Sú þekking sem hefur byggst upp innanhúss er því afar verðmæt og viðskiptavinir njóta þess.

## Spara tíma og fyrirhöfn

Víkurvagnar eru umboðsaðilar fyrir Zepro vörulyftur en þær eru sænskar og hluti af HIAB samsteypunni. „Þessar lyftur spara bæði tíma og fyrirhöfn. Hingað til höfum við helst þjónustað sendiferðabíla eins og MB Sprinter, Renault Master, Ford Transit en einnig aðra bíla. Við bjóðum upp á skemmtilegar lyftur með lyftublaði sem hægt er að leggja saman, sem þýðir að hægt er að ganga um aðrar afturdyrnar óháð lyftunni. Þessar lyftur setjum við undir og þjónustum að sjálfsögðu alla leið. Víkurvagnar bjóða auk þess upp á mjög góða varahlutaþjónustu fyrir allar Zepro lyftur, bæði nýjar og gamlar. Við bjóðum upp á mjög hátt þjónustustig þar sem við getum útvegað nánast alla varahluti á sólarhring sem skiptir afar miklu máli fyrir upptekna viðskiptavini okkar.“

Bjarni hvetur sem flesta til að kíkja í heimsókn að Hyrjarhöfða 8 í Reykjavík og kynna sér gott vöruúrval og afbragðs viðmót reynslumikilla starfsmanna.

Nánari upplýsingar má finna á www.vikurvagnar.is.



Hjólagrindur frá Fabbrion sem passa vel fyrir 2-3 reiðhjól.



Hér má sjá fast dráttarbeisli frá Steinhof.



Árekstrarprófun á Range Rover Evoque.

## Evoque fékk hæstu öryggiseinkunn

Ný kynslóð Range Rover Evoque hefur farið í gegnum hinar ströngu öryggisprófanir Euro NCAP og svifið þaðan út með hæstu einkunn fyrir öryggi og náttúrulega 5 stjörnur. Bæði reyndust þau öryggiskerfi sem koma í veg fyrir árekstra og óhöpp standast allar kröfur og árekstrarniðurstöður komu líka frábærlega út frá öllum hliðum. Euro NCAP sagði eftir mælingarnar á Evoque að gaman væri að sjá að hann færi vel fram úr þeim öryggiskröfum sem nú væri miðað við, hann stæðist allar þær öryggiskröfur sem miðað yrði við árið 2022. Sömu sögu er ekki að segja af nýjum Citroën C5 Aircross sem prófaður var á sama tíma af Euro NCAP. Hann hlaut aðeins 4 stjörnur og er því talsverður eftirbátur Range Rover Evoque í öryggismálum. Þar fer kannski einn munurinn á lúxusbílum og hefðbundnum bílum sem kosta mun minna?


Sala RAM-pallbíla jókst um 15 prósent milli ára.

## RAM fram úr GM í pallbílasölu

Fiat Chrysler hefur lengi haft það í augsýn að taka fram úr General Motors í sölu pallbíla og það tókst nú loksins á fyrsta fjórðungi þessa árs. Ford-pallbíllinn með F-150 pallbílinn sem aðalsöluvöru Ford trónir hins vegar á toppnum. Í fyrra seldi GM 585.000 Chevrolet Silverado pallbíla á meðan Fiat Chrysler seldi 536.980 RAM bíla. Á nýliðnum fyrsta ársfjórðungi þessa árs seldust hins vegar 120.026 RAM-bílar en 114.313 Silverado-bílar. Sala RAM jókst um 15% á milli ára en sala Silverado minnkaði um 16%.


Mika Häkkinen er ekki af baki dottinn.

# Mika Häkkinen snýr til baka í Suzuka

Mika Häkkinen ætlar að setjast aftur undir stýri á hinni frægu Suzuka-keppnisbraut

Tvöfaldi heimsmeistarinn í Formúlu 1, Mika Häkkinen, ætlar að setjast aftur undir stýri í þolaksturskeppni sem haldin verður á hinni frægu Suzuka-braut í Japan. Þolaksturinn mun taka 10 klukkustundir og þar mun Häkkinen aka McLaren 720S GT3 bíl, en keppnin mun fara fram í ágúst í sumar. Þar verður hann einn þriggja ökumanna bílsins, en hinir tveir verða Super Formula meistarinn Hiroaki Ishiura og Formúlu 3 ökumaðurinn Katsuaki Kubota, en báðir eru þeir japanskir. Af Mika Häkkinen er það helst að frétta að hann er orðinn fimmtugur og hefur raðað niður börnum og á nú hvorki meira né minna en fimm. Häkkinen vann Formúlu 1 árin 1998 og 1999. Hann hefur áður keppt í þolakstri, enda keppti hann í DTM-mótaröðinni í þrjú ár eftir formúluárin sín.





Toyota Mark X verður kvaddur eftir 52 ára sögu.

## Arftaki Corona og Cressida kveður

Toyota hefur tilkynnt um endalok bílsins Mark X sem áður bar nöfnin Corona og síðar Cressida. Þessi nöfn eru Íslendingum að góðu kunn en þessir bílar voru seldir hér á landi á árum áður. Toyota Mark X hefur verið framleiddur í Japan og það helst til sölu á heimamarkaði. Heildarframleiðslan á Mark X frá upphafi er 4,67 milljónir bíla. Framleiðsla Corona-bílsins hófst árið 1967 og því er verið að kveðja bíl sem á 52 ára sögu í farsælli framleiðslusögu Toyota.

Næsta kynslóð bílsins kom svo árið 1977 og þá breytti Toyota nafninu í Cressida og hélt hann því nafni til ársins 1992. Eins og svo oft vill verða ætlar Toyota að kveðja Mark X bílinn með því að framleiða af honum „Final Edition"-útfærslu. Hún verður öll hin veglegasta og fær til dæmis rauða og svarta innréttingu þar sem leður og Alcantara-áklæði verður í aðalhlutverki og bíllinn mun standa á 18 tommu álfelgum.

# Umhverfismildir bílar rúm 16% sölunnar hjá BL í apríl

Bílaleigur landsins hafa dregið úr kaupum á nýjum bílum á árinu í takt við almenna þróun á markaðnum í heild. Nemur fækkun nýskráninga bílaleigubíla 31,4% það sem af er árinu, en heildarsamdrátturinn við lok apríl nemur 37,8%.

Í apríl voru alls 1.335 fólks- og sendibílar nýskráðir hér á landi, rúmum 32% færri en í sama mánuði 2018. Af heildarfjöldanum voru 398 frá BL eða rétt tæp 30% sem var markaðshlutdeild fyrirtækisins í mánuðinum. Hyundai var söluhæsta merkið með 123 bíla og í þriðja sæti yfir söluhæstu bílana í mánuðinum með 9,2% hlutdeild. Dacia var næstsöluhæsta merki BL með 80 bíla og Nissan þriðja með 79 bíla.

### Grænn lúxus hjá BL

Af heildarfjölda nýskráðra bíla af merkjum BL í apríl voru 65 rafknúnir; 41 rafbíll og 24 tengiltvinnbílar og nam sala grænna bíla rúmum 16% hjá BL í apríl. Söluhæstu rafbílarnir voru frá Hyundai, bæði Ioniq og Kona, eða alls 17. Grænir bílar frá Nissan voru 16, flestir af gerðinni Leaf. Af tengiltvinnbílum voru 19 Range Rover og 5 BMW. Alls voru 50 lúxusbílar frá BL nýskráðir í apríl, 33 frá Land Rover og 20 frá BMW.

### Salan það sem af er ári

Fyrstu fjóra mánuði ársins voru 1.317 fólks- og sendibílar af merkjum BL nýskráðir og var hlutdeild fyrirtækisins á bílamarkaðnum 29,7% á tímabilinu. Söluhæstu merkin það sem af er ári er Nissan með 326 bíla og Hyundai með 313. Almennur samdráttur á markaði fólks- og sendibíla það sem af er ári nemur 37,8 prósentum miðað við fyrra ár og er það rúmum sex prósentum meiri samdráttur en í sölu merkja BL á sama tímabili.

### Bílaleigur í takti við þróunina

Bílaleigur landsins hafa dregið úr kaupum nýrra bíla árinu í takt við almenna þróun á markaðnum í heild. Nemur fækkun nýskráninga 31,4% það sem af er árinu. Alls nýskráðu leigurnar 681 bíl í apríl, 17% færri en í sama mánuði 2018, og voru 253 bílanna af merkjum sem BL er með umboð fyrir. Hlutdeild BL á bílaleigumarkaði var 37,2% í apríl.




Nissan Leaf.



Kia Habaniro.

## Kia Habaniro á pöllunum í New York

Nú er nýafstaðin bílasýningin New York Auto Show og þar kynnti Kia þennan Habaniro-tilraunabíl sem fellur á milli Sportage- og Niro-bíla Kia í stærð, þó nær Niro ef marka má heiti bílsins. Habaniro verður aðeins með þrjár hurðir og er bæði djarflega teiknaður og sportlegur bíll. Svo virðist sem hurðarhúnarnir falli inn í hurðirnar og engir eru hliðarspeglarnir, eitthvað sem sést meira og meira af í hugmyndabílum bílaframleiðenda.

Kia hefur ekki látið mikið uppi um þennan tilraunabíl og því er ekki ljóst hvort hér sé um að ræða rafmagnsbíl eða bíl með brunavél. Athygli vekur að framan á bílnum er ekkert „tiger-nose“ grill sem er jú einkennismerki bíla Kia. Svo virðist sem bíllinn standi hátt frá vegi og stór dekkin ýta fremur undir að hér fari bíll sem fær sé um að eiga eitthvað við torfærurnar. Svo gæti víst farið að nafnið Habaniro verði ekki notað á bílinn heldur Tusker eða Trazor.




GÓÐUR TÍMI TIL AÐ PANTA 2019 ÁRGERÐ AF HOBBY

Ontour 390SF verð 3.000.000
Deluxe 460Ufe verð 3.500.000
Excellent 495UL verð 3.700.000
Excellent 540UL verð 3.880.000
Excellent 560Cfe verð 4.200.000
Premium 495UL verð 4.330.000
Premium 560UL verð 4.700.000
Premium 560Cfe verð 4.860.000

BARNA KOJUR VIÐ HLIÐINA Á HJÓNARÚMMI!
Nýtt Hobby 560KFU Excellent árg 2018 með mikið af aukahlutum á aðeins kr 4.090.000

MITSUBISHI OUTLANDER PLUG-IN HYBRIT 230 HESTÖFL





-Nýir 2019 árgerð
-2,4 lítra Bensínvél 135 hestöfl + Rafmagn
-Fjórhóladrifnir
-Lyklalaust aðgengi og start
-Bakkmyndavél með hjálparlínum
-Snertiskjár
-Símkerfi
-Sæti 50/50 leður
-Hraðastillir
-Metalic lakk
-Þokuljós
-Aðgerðarstýri
-Hiti í framsætum
-USB innstungur
-Start/stop Automatic
-Dekkjaþrýsti kerfi
-Leðurstýri
-18" álfelgur
-Apple CarPlay
-Blátannabúnaður
-Loftkæling 2 rása
-Regn og ljósaskynjari
-Rafm. hitaðir speglar og aðfellanlegir
-Borðtölva
-Dráttarkúla aftengjanleg (kostar kr. 110.000 auka)
-5 ára ábyrgð
-8 ára ábyrgð á rafgeymum og hleðslu
Verð kr. 4.300.000 skráður

bosal.is

UPPLÝSINGAR GEFUR BÓAS EÐVALDSSON
BOSAL.IS - SÍMI 777 5007 - EMAIL BOAS@BOSAL.IS - HAFNARGATA 28, 710 SEYÐISFIRÐI

# BÍLAR

**KOSTIR OG GALLAR**

**TOYOTA COROLLA**

- 2,0 LÍTRA BENSÍNVÉL – HYBRID
- 180 HESTÖFL
- FRAMHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 3,7 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 84 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 7,9 sek. í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 180 km/klst.
**Verð frá:** 3.990.000 kr.
**Umboð:** Toyota Kauptúni

Kostir:
- Útlit
- Eyðsla
- Akstureiginleikar
- Búnaður

Gallar:
- Skottrými
- Hávaði vélar í háum snúningi

# Sá söluhæsti í sparifötin

Söluhæsta einstaka bílgerð heims er Toyota Corolla og er hún nú komin af 12. kynslóð. Verður í boði í þremur ólíkum útfærslum sem þó fá allar nýjan undirvagn. Allar gerðir bílsins eru fríðar.



Toyota Corolla af tólftu kynslóð kemur nú í þremur útfærslum og eru þær hver annarri fegurri.

Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Þegar ný kynslóð af mest seldu bílgerð heims er kynnt er mikið undir og hægt að fullyrða að þar fari eitthvað bitastætt til að fjalla um. Svo mikið hefur selst af Toyota Corolla gegnum tíðina að heildarsala hans er komin yfir 46 milljónir bíla. Hann selst líka í nokkuð meira magni en 1 milljón bíla á ári. Corolla hefur verið til í 53 ár og er því ein langlífasta bílgerð sem til er og hefur verið sú mest framleidda allt frá árinu 1997, er Corolla tók fram úr Bjöllunni. Ný kynslóð bílsins er af tólftu gerð en sú ellefta kom árið 2012. Corolla fellur í C-stærðarflokk bíla. Nýi bíllinn mun nú fást í þremur gerðum, Sedan, Hatchback og Touring sem er langbaksgerð hans. Frómt frá sagt eru allar gerðirnar gullfallegar útlits og fara með miklum bravör fram úr fyrri gerðum. Í raun eru þær harla ólíkar innbyrðis þó svo að framendi þeirra sýni mestu líkindin. Nýr forstjóri Toyota hefur tekið í gegn hönnunarmálin hjá Toyota sem á tímabili höfðu einkenni stöðnunar og hefur sent heimsbyggðinni þá kjarnyrtu fullyrðingu „No more boring cars“. Með nýrri Corollu hefur hann staðið við það, því það má vart á milli sjá hver af þessum þremur gerðum Corolla er fallegust og vart hefur verið gert betur meðal nýrra bíla í C-stærðarflokki.

## Þrjár vélargerðir

Toyota Corolla er nú smíðaður á glænýjum TNGA-undirvagni, en smíðinni í heild hefur verið mikið breytt og er bíllinn nú til dæmis 60% stífari, þyngdarpunkturinn hefur færst niður um 1 cm og lengd milli öxla hefur aukist. Allt er þetta til að auka aksturshæfni bílsins og fyrir því finnst. Corolla mun fást með þremur vélargerðum, 1,2 lítra forþjöppudrifinni 112 hestafla vél, 1,8 lítra og 122 hestafla vél með hybrid-aðstoð og kraftmikilli 2,0 lítra og 180 hestafla vél, einnig með hybrid-aðstoð. Með þeirri vél er Corolla aðeins 7,9 sekúndur í hundraðið, en 10,9 sek. með 122 hestafla vélinni. Það á við allar þessar vélar að til að leita að afli þeirra er best að leyfa þeim að snúast hratt og vera ekki feiminn við að sjá nálina á snúningsmælinum fara hátt. Vélar með forþjöppu sem koma inn á lágum snúningi skila meira togi á lægri snúningi, en þessum þarf að snúa hraðar og er það bara eitthvað sem þarf að venjast.

## Hljóðlátur og mikil aksturshæfni

Við fyrsta akstur nýja bílsins er eitt það fyrsta sem tekið er eftir hversu hljóðlátur hann er orðinn. Annað sem slær mann fljótt er hve fjöðrunin er góð og hve vel hann étur upp allar ójöfnur. Stýring bílsins er bæði þægileg og nákvæm og nú er Corolla farinn að velgja helstu samkeppnisbílum sínum í C-flokki undir uggum í aksturseiginleikum. Þar var hann eftirbátur bæði Ford Focus og VW Golf, en þvílík bæting. Alls ekki skaðar að vera með 180 hestafla vélina undir húddinu, en þá er gaman að taka sprettinn og alls ekki má gleyma því að sú vél vill snúast hratt og getur það og þannig er best að njóta bílsins. Eyðsla bílanna er sér kapítuli, eða aðeins 3,3 l með 1,8 lítra vélinni og hybridbúnaði og 3,7 l með kraftmiklu 2,0 lítra vélinni, líka með hybridbúnaði og mengunin er aðeins 76 og 84 g/km af $CO_2$ sem tryggir betra verð bílanna þar sem þeir falla í góðan tollflokk. Með 1,2 l vélinni án hybrid-búnaðar er eyðslan hins vegar 5,6 lítrar með sjálfskiptingu, en með því sést hve mikið hybridbúnaðurinn hjálpar til við að ná eyðslunni niður.



Hatchback gerð Corolla



Ferlega flott framsæti

## Sláandi flott innrétting

Að innan er Corolla einfaldlega hrikalega flott og með sláandi flottum framsætum. Mjög gott rými er fyrir þá sem sitja í framsætunum og ágætis pláss fyrir fullorðna að meðalhæð aftur í. Rétt er að hafa í huga að sú Corolla sem seld er í Evrópu er hönnuð með Evrópubúa í huga og hæð þeirra og fyrir vikið ekki hægt að kvarta yfir rýminu. Helst væri þó hægt að kvarta yfir fremur skertu skottrými, en þá má hugga sig við það að Corolla er að mestu hugsaður sem borgarbíll, en þó er ekki hægt að segja það um Touring-langbaksgerðina af Corolla, þar er fínt rými til lengri ferðalaga. Í Hatchback hybrid-útfærslu er t.d. aðeins 313 l skottrými, en 581 l í Touring. Bíllinn er í heild mjög vel búinn með mikinn staðalbúnað sem eykst eftir því hvort bíllinn er valinn í S, SE eða XSE útfærslu. Corolla hefur alltaf verið góð kaup, ekki síst í ljósi þess að þar fer Toyota-bíll með lága bilanatíðni og góða endursölu. En með þessari nýju gerð fæst nú gullfallegur bíll í öllum gerðum hans, með góða aksturseiginleika, fáránlega litla eyðslu, flotta og praktíska innréttingu og með 180 hestafla vélinni er líka komið skemmtilegt og sportlegt ökutæki. Corolla er ekki lengur bara praktísk kaup heldur skemmtileg og fyrir augað.




Volkswagen
ID.
volkswagen.is/ID
Forsala hefst á morgun.
8. maí 2019 klukkan 11.
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

SSANGYONG

## SsangYong Rexton

# Bestu kaupin!

Fjórhjóladrifna SsangYong fjölskyldan hefur stimplað sig rækilega inn hjá bílagagnrýnendum hér heima og erlendis og hlotið ótal verðlaun og viðurkenningar. Nýjasti sigurvegarinn frá SsangYong er önnur kynslóðin af Rexton. Hann hlaut hæstu einkunn hjá 4x4 Magazine, bæði sem 4x4 jeppi ársins og bestu kaupin. Er ekki komið að þér að reynsluaka SsangYong?

„Frábærlega vel búinn bíll með ógnarmikið rými, hlaðinn búnaði og með flotta innréttingu." **Finnur Thorlacius – Fréttablaðið**

„Ökutæki sem er hlaðið búnaði, meiri búnaði en hægt er að telja upp og ég hef það á tilfinningunni að það vanti nánast ekki neitt. Bíllinn er með flottar innréttingar og er eins og hugur manns í akstri." **Jóhannes Reykdal – Bíllinn.is**

„Bíllinn var svo skemmtilegur að litli rúnturinn endaði í 300 km." **Hjörtur L. Jónsson – Bændablaðið**

„Yfirdrifið pláss er fyrir ökumann og farþega og yfirbragðið og efnisvalið innadyra allt eins og í mun dýrara farartæki." **Sigríður Vilhjálmsdóttir – Morgunblaðið**




**Tivoli – Upplifun ársins**
*Með veglegum aukahlutapakka*
Verð frá:
**3.490.000 kr.**

**Margverðlaunaðir alvöru 4x4 jeppar með 5 ára ábyrgð**

**Korando – Dráttarbíll ársins**
*Með veglegum aukahlutapakka*
Verð frá:
**4.290.000 kr.**

**benni.is**

**Reykjavík**
Krókháls 9
Sími: 590 2020

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Bílaríki, Akureyri**
